FRÉTTABLAÐIÐ
176. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. JÚLÍ 2016

# Ekki lengur til sérstök fíkniefnadeild hjá lögreglunni

**Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er ekki lengur til. Í dag heyra fíkniefnamálin undir deildina Rannsóknir á skipulagðri brotastarfsemi. Lögreglu- og tollayfirvöld vinna nú með Europol. Netglæpir og mansal eru áberandi í dag.**

**LÖGREGLUMÁL** „Að skoða fíkniefnabrotin ein og sér er til dæmis úreltur hugsanagangur og ekki til þess fallið að yfirvöld nái árangri,“ segir Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, en nýjar áherslur hjá löggæsluyfirvöldum á Íslandi eru nú í ferli. Lögreglu- og tollayfirvöld á Íslandi vinna nú eftir áherslum byggðum á greiningarvinnu Europol. Þetta þýðir að Europol lætur yfirvöldum hér á landi í té upplýsingar um helstu áherslur í löggæslu í Evrópu og hvaða brot séu mest áberandi.

„Þetta gefur þeim sýn á hvaða brot áherslan skuli vera á hverju sinni. Þá er hægt að byggja upp sérþekkingu á áherslusviðunum. Europol hefur þó ekki neitt boðvald yfir yfirvöldum hér á landi en þetta er frekar þjónusta sem er veitt,“ útskýrir Karl Steinar en hans hlutverk er meðal annars að fræða yfirvöld á Íslandi um nýjar áherslur.

Meginástæða breytinganna er sú að brotastarfsemi í Evrópu og á Íslandi hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Horfa þarf á stóru myndina. „Flækjustig rannsókna hjá lögreglunni er miklu hærra en áður hefur verið og kemur til með að verða flóknara. Þetta krefst meiri sérþekkingar, meðal annars á sviði netglæpa. Í dag er brotastarfsemin miklu þyngri og erfiðari.“

Karl Steinar segir að síðustu ár hafi smátt og smátt verið tekið skref í átt að þessum breytingum hjá lögregluyfirvöldum. Ekki er lengur talað um fíkniefnadeild innan lögreglunnar enda er engin ein sérstök deild fyrir þau mál. Í dag heitir rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu Rannsóknir á skipulagðri brotastarfsemi en sú deild sér um mun fjölbreyttari verkefni. „Í dag eru fíkniefnabrotin samofin fleiri málaflokkum og er lögð áhersla á brotin í stærra samhengi. Fíkniefnamál ein og sér hafa ekki verið rosalega mörg í gegnum tíðina en þau eru samofin ýmsu öðru, til dæmis peningaþvætti, fjármálabrotum, mansali og fleiru,“ segir Karl Steinar.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segist í samtali við Fréttablaðið mjög ánægð með breytingarnar. – ngy / sjá síðu 6

> **Þetta gefur þeim sýn á hvaða brot áherslan skuli vera á hverju sinni.**



Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol

> **Ég tel breytingarnar mjög góðar og fagna góðu samstarfi við tengilið Íslands hjá Europol.**



Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu




**Risaskemmtiferðaskip kom til landsins** Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins kom til Reykjavíkur í gær. Skipið heitir MSC Splendida og með því komu rúmlega þrjú þúsund farþegar auk 1.300 manna áhafnar. Skipið er væntanlegt hingað til lands aftur í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Planaðu helgina tímanlega

**LÍFIÐ** Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar verslunarmannahelgin er skipulögð. Fréttablaðið gefur nokkur góð ráð um hvernig best er að spara og njóta þessarar stærstu ferðahelgar ársins. Meðal annars er mikilvægt að fara í Ríkið á fimmtudaginn svo hægt sé að sleppa við örtröðina á föstudaginn. Það má heldur ekki ofmeta þörfina fyrir mat sem þarf fyrir helgina. Einfaldleikinn ofar öllu um verslunarmannahelgina. – gj / sjá síðu 35



## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Guðbjarnason skrifar um Al Thani málið. 16

**MENNING** Verð bara að ganga í verk Guðs almáttugs. 26

**LÍFIÐ** Dj flugvél og geimskip syngur um svingsinn. 38

**SPORT** Bestu vinirnir Kári og Jón Axel urðu silfurvinir. 18



**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Í dag er áfram útlit fyrir bjartviðri og nokkur hlýindi á suðvestanverðu landinu. Austan- og norðanlands er ekki sama blíðan, þó vindur sé yfirleitt hægur er skýjað og súld eða þokuloft, en úrkomulítið á Norður- og Norðvesturlandi. SJÁ SÍÐU 22

# Tjörnin græn



**Græn Reykjavíkurtjörn** Þær létu fara vel um sig endurnar sem syntu á Reykjavíkurtjörn í gær, sem eftir veðurblíðu og hátt hitastig síðustu daga er orðin fagurgræn. Gróður í tjörninni hefur aukist umtalsvert, meðal annars er þar mikið af grænþörungum. Aukning á slíkum gróðri ætti að hafa jákvæð áhrif á vistkerfi tjarnarinnar og bætir meðal annars skilyrði fyrir smádýr sem eru mikilvæg fæða fyrir endur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Aflaheimildir seldar frá Ölfusi

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er reiðarslag, að aflaheimildirnar fari héðan,“ segir Gunnsteinn Ómarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, í viðtali við Vísi. HB Grandi gerði í gær samning um að kaupa aflahlutdeildir af Hafnarnesi í Þorlákshöfn. Gunnsteinn segir bæjarfélagið engan ávinning hafa haft af kaupunum.



Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri í Ölfusi.

HB Grandi kaupir aflahlutdeildir í bolfiski sem svara til tæplega 1.600 þorskígildistonna af Hafnarnesi.

Viðskiptin þýða að stærstur hluti bolfiskkvóta Þorlákshafnar flyst úr bæjarfélaginu. Með þessu gætu tapast um 30 störf, bæði á sjó og í landi.

Kaupverðið nemi 3.950 milljónum króna. Með þessum viðskiptum er Hafnarnes VER sagt greiða úr skuldamálum félagsins, sem stofnað hafi verið til með kaupum á aflaheimildum. – gb

## Myrti nítján manns í Japan

**JAPAN** Fyrrverandi starfsmaður á dvalarheimili fatlaðra í bænum Sagamihara í Japan myrti á mánudag 19 af íbúum heimilisins. Að minnsta kosti tuttugu til viðbótar voru alvarlega særðir.

Hann sagðist vilja útrýma fötluðu fólki og hafði áður sagst ætla að leggja sitt af mörkum til þess.

Hann var af þeim sökum lagður inn á geðdeild í febrúar, en útskrifaður nokkrum vikum síðar.

Hann gaf sig sjálfur fram við lögreglu að ódæðinu frömdu, og var þá með tösku fulla af hnífum og öðrum beittum verkfærum. – gb

## Stóraukið fjárframlag til afreksíþrótta

**ÍÞRÓTTIR** Á morgun verður skrifað undir tímamótasamning til næstu þriggja ára um stóraukið fjárframlag íslenska ríkisins til afreksíþrótta á Íslandi.

Með þessum nýja samningi mun mennta- og menningarmálaráðuneytið hækka fjárframlag á fjárlögum Alþingis til afreksstarfs í íþróttum á Íslandi.

Engar upphæðir hafa verið nefndar í þessu samhengi en Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, kvaðst ekki geta tjáð sig um innihald samningsins þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af henni í gær.

Undirritun samningsins og kynning á innihaldi hans fer fram fyrir utan húsakynni Íþróttasambands Íslands í Laugardalnum klukkan 10.00 á morgun, fimmtudag. – iþs

# Skoðun formanns á kosningum skipti engu

**Þó að formaður Framsóknar vilji fresta boðuðum kosningum í haust virðist það engu skipta. Forseti Alþingis segir þingrofsréttinn í höndum forsætisráðherra með samþykki forseta. Sjálfstæðismenn ganga út frá að kosningar verði í haust.**

**ALÞINGI** Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir þingrof hafa verið rætt á fundum sínum við forystumenn ríkisstjórnarinnar og segir gengið út frá því með vísu að kosið verði á haustmánuðum. Hugmyndir formanns Framsóknarflokksins skipta þar engu máli þar sem hann sé ekki hluti af forystu ríkisstjórnar.

„Við höfum rætt það á okkar fundum, ég og forystumenn ríkisstjórnarinnar, að þinglok verði í haust og boðað verði til kosninga eins og lofað hefur verið. Ég tel orð forystumanna þessarar ríkisstjórnar hafa verið mjög afdráttarlaus, bæði í samtali við mig og fjölmiðla, og því leikur enginn vafi á að kosið verði í haust,“ segir Einar.

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir Ásmundur Friðriksson og Birgir Ármannsson, taka í sama streng. Birgir segir flokkinn ganga út frá því að kosið verði í haust. Hann vildi lítið tjá sig efnislega um bréf formanns Framsóknarflokksins sem hefur nú í tvo daga talað fyrir því að kosið verði næsta vor og loforðið um kosningar því ekki efnt. „Um bréf Sigmundar vil ég segja að þetta er fyrst og fremst innanflokksmál Framsóknar. Þeir verða að velja sér sína forystu og ég ætla ekki að hafa skoðun á því hvernig þeir fara að því,“ segir Birgir. Ásmundur segir orðið ljóst að kosið verði í haust en telur það samt óþarft. „Þó það sé búið að ákveða það þá var ekki pólitísk ástæða til að hlaupa á eftir þessari kröfu almennings. Það er góður meirihluti á þingi,“ sagði Ásmundur.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt það engu skipta hver afstaða Sigmundar Davíðs sé til þess hvort kosið verður í haust eða vor. Þegar forseti Alþingis var spurður út í skoðanir formanns Framsóknarflokksins vildi hann ekki tjá sig um ummælin. „Þingrofsréttur er í höndum forsætisráðherra með samþykki forseta og einskis annars. Að öðru leyti tjái ég mig ekki um málið,“ sagði Einar. sveinn@frettabladid.is



Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir valdið ekki hjá formanni Framsóknarflokksins. Forsætisráðherra sé með þingrofsréttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég tel orð forystumanna þessarar ríkisstjórnar hafa verið mjög afdráttarlaus, bæði í samtali við mig og fjölmiðla, og því leikur enginn vafi á að kosið verði í haust.



Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis




# GAKKTU RÖSKLEGA

# ALLAR SKÓLATÖSKUR 25% VILDARAFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: 5.999.-




## SUMARLEIKFÖNG!



**50% VILDARAFSLÁTTUR**

## RÉTTA TASKAN

Iðjuþjálfar aðstoða viðskiptavini okkar að finna bestu töskuna fyrir bakið í völdum verslunum okkar í júlí:

- **Smáralind**
  28./30. júlí kl: 15:00-17:00
- **Hallarmúli**
  28. júlí kl: 13:00 - 15:00
- **Kringlan**
  29./30. júlí kl: 15:00-17:00
- **Mjódd**
  28. júlí kl: 15:00-17:00

# EKKI MISSA AF ÞESSU!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími töskutilboðs er 21. júlí, til og með 30. júlí, eða meðan birgðir endast. Vildarafsláttur af sumarleikföngum gildir til og með 14. ágúst . Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Telur áhættu Mosfellsbæjar vegna lóðar undir einkaspítala enga

**HEILBRIGÐISMÁL** Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, segir áhættu bæjarins vegna samnings um lóð undir einkarekinn spítala og hótel enga þótt bærinn hafi ekki nákvæmar upplýsingar um hvaða aðilar standi að fjárfestingunni eða með hvaða hætti verkefnið verði fjármagnað. Fjárfestarnir hafa frest til 1. desember 2017 til að sýna bæjaryfirvöldum raunhæfa viðskiptaáætlun og veita upplýsingar um fjármögnun verkefnisins. Gangi það ekki eftir er bænum heimilt að rifta samkomulaginu. „Ef þessar upplýsingar koma ekki eða eru ekki þóknanlegar þá getur Mosfellsbær gengið út úr verkefninu hvenær sem er,“ segir Haraldur.

Félagið MCPB gerði leigusamning við bæinn um lóð til 99 ára, með kauprétt að landinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Haraldur hefur sagt að um vika hafi liðið frá því fulltrúar MCPB hafi sett sig í samband við bæjarfélagið þar til skrifað var undir samkomulagið. Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB, segir verkefnið verða fjármagnað með láni frá hollenska félaginu Burbanks Capital. Engir Íslendingar koma að fjármögnun.



**Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, handsalar samkomulag við Henri Middeldorp, stjórnarformann MCPB.**

Haraldur segir MCPB þurfa að afla byggingarleyfis innan tveggja ára, annars sé bænum heimilt að rifta samkomulaginu. „Við erum fyrst og fremst að úthluta lóð undir þetta verkefni ef af því verður. Þarna stendur lóð sem er skipulögð undir þessa starfsemi. Það hafa ekki verið neinir í biðröðum að óska eftir að fá að nota hana,“ segir Haraldur. **– ih**


**Ekki kemst hreyfing á hlutina í Fýlshólum 6 fyrr en í fyrsta lagi í ágúst.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hreinsun bíður fyrri eiganda

**FRAMKVÆMDIR** Útlit er fyrir að eignarhald á Fýlshólum 6 skýrist í ágúst. Þetta segir Birgir Birgisson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Hildu, sem leysti til sín húsið í vor.

Ekkert þak hefur verið á Fýlshólum 6 um langt skeið eftir að fyrrverandi eigandi hætti endurbótum sem byrjað hafði verið á. Ástand hússins hefur vakið allnokkra gremju íbúanna í götunni.

Birgir Birgisson staðfestir það sem haft var eftir Kristjáni S. Sverrissyni, fyrrverandi eiganda hússins, í Fréttablaðinu í gær, að viðræður hafi verið í gangi milli þeirra um að hann leysi húsið til sín aftur.

Birgir útskýrir að vegna viðræðnanna og þar sem ekki hafi verið gefið út nauðungarsöluafsal vegna eigendaskiptanna hafi Hilda ekki sett húsið á sölu.

„Annaðhvort klárast viðræðurnar og fyrri eigandi yfirtekur húsið núna á fyrstu vikunum í ágúst eða eignin fer í sölumeðferð. Þá hreinsum við þarna út,“ segir Birgir. Hann vísar þar til mynda sem birtar voru í Fréttablaðinu í gær og sýna meðal annars talsvert af uppsöfnuðum úrgangi vegna múrbrots í húsinu. **– gar**

# Mygla hjá OR stafar af ágöllum

**Vinna við endurbætur vegna myglu í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur hefur enn ekki leitt í ljós umfang myglu sem að hluta er rakin til ágalla við byggingu hússins. Starfsmenn hafa fundið fyrir óþægindum.**

**FRAMKVÆMDIR** Enn er ekki séð fyrir endann á umfangi skemmda vegna myglu í höfuðstöðvum Orkuveitunnar á Bæjarhálsi.

Eins og fram hefur komið hófust viðgerðir á Orkuveituhúsinu í sumar. „Í haust uppgötvuðust rakaskemmdir sem myndað höfðu myglusvepp í útveggjum aðalhússins. Þá var ráðist í að taka sýni víðsvegar um húsið til að meta umfangið,“ sagði í frétt OR um miðjan júní.

„Talið er að myglan stafi af ágöllum í húsinu sem suma hverja má rekja aftur að byggingartíma þess,“ segir Ólöf Snæhólm, upplýsingafulltrúi hjá Orkuveitunni. Húsið var tekið í notkun árið 2003.

„Meðal annars heldur veðurkápa hússins ekki almennilega vatni í slagveðri. Umfang skemmdanna er ekki að fullu vitað ennþá, verið er að kortleggja þær á sama tíma og verið er að framkvæma nauðsynlegar lagfæringar. Fyrsti áfangi framkvæmdanna er austurhlið hússins, eftir á að skoða hvort ástæða sé til að opna hinar hliðarnar,“ segir Ólöf.


**Skoða þarf undir alla klæðningu utanhúss í leit að myglu í miklum viðgerðum á höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur.**

Að sögn Ólafar ná viðgerðirnar til allra hæða í húsinu. Meðal annars þarf af taka upp alla klæðningu utan á byggingunni til að kanna það sem undir er. „Það er verið að taka þetta báðum megin frá; bæði innan- og utanhúss,“ segir Ólöf. Nokkurt rask fyrir starfsemina fylgi framkvæmdunum. „En það er reynt að hafa það eins lítið og hægt er.“

Þar sem enn er eftir að kortleggja allar skemmdir í byggingunni eru áætlanir um kostnað og tímaramma ekki nákvæmar. Aðeins er sagt að framkvæmdirnar geti teygst fram á haustið 2017 og að kostnaðurinn muni hlaupa á hundruðum milljóna króna. Enn er óljóst hver greiðir fyrir verkið. Foss fasteignafélag keypti bygginguna af OR á árinu 2013. Félagið er meðal annars í eigu lífeyrissjóða.

> **Talið er að myglan stafi af ágöllum í húsinu sem suma hverja má rekja aftur að byggingartíma þess.**
>
> Ólöf Snæhólm, upplýsingafulltrúi hjá Orkuveitu Reykjavíkur



Aðspurð segir Ólöf ekkert liggja fyrir alveg staðfest um það hvort myglan hafi haft áhrif á heilsu þeirra sem starfa í húsinu.

„Það hafa verið kvartanir frá starfsfólki en þetta er náttúrlega eins og er með mygluna; það er mjög erfitt að setja fingur á það hvort þetta sé af hennar völdum eða einhvers annars. En við tökum öllum slíkum tilkynningum mjög alvarlega,“ útskýrir Ólöf Snæhólm.

Í fyrrnefndri frétt OR var haft eftir Bjarna Bjarnasyni, forstjóra fyrirtækisins, að höfuðáhersla væri lögð á að tryggja starfsfólki heilsusamlegt vinnuumhverfi. „Nokkrir vinnufélaga okkar hafa fundið fyrir einkennum og við munum öll finna fyrir raskinu hér í húsinu sem fylgir framkvæmdunum næsta árið. Aðalatriðið er að ráða niðurlögum vandamálsins,“ var meðal annars haft eftir forstjóra OR. **gar@frettabladid.is**




Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ - lægra verð




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X5

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Saksóknari hafi sýnt glannaskap

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms, sem sagði héraðssaksóknara skylt að eyða gögnum sem hald var lagt á við húsleit á heimili og skrifstofu Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, sem vann fyrir skjólstæðing í peningaþvættismáli.

Steinbergur segir, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag, að héraðssaksóknari hafi í þessu máli sýnt glannaskap, sem ef til vill hefði ekki gerst ef nýtt frumvarp með hertum reglum um hlerun símtala væri orðið að lögum.

Embætti saksóknara hafi hins vegar snúist gegn frumvarpi innanríkisráðuneytisins um slíkt. Ofuráhersla saksóknaraembættanna á aukin afköst og hámörkun árangurs sé hugsanlega ein af „ástæðum þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur oftsinnis spurt áleitinna spurninga um málsmeðferð fyrir íslenskum dómstólum“.

Héraðssaksóknari sagði tæknilegar ástæður valda því að ekki væri hægt að eyða umræddum gögnum, því þá myndu um leið eyðast mikilvæg gögn í málinu.

„Burtséð frá því hvort þessi sé raunin eður ei, geta slík tæknileg vandamál ekki, andspænis brýnum mannréttindum, heimilað að gögn sem fyrir fram má næstum örugglega gefa sér að geti aldrei tengst því máli sem verið er að rannsaka, séu haldlögð,“ sagði í úrskurði héraðsdóms, sem Hæstiréttur hefur nú staðfest. **– gb**

# Eldri borgarar njóta veðurblíðunnar



Mikil veðurblíða létti landsmönnum lífið víða á Suður- og Vesturlandi í gær með glampandi sól og hita um og jafnvel yfir tuttugu gráðum. Íbúar á Hrafnistu í Reykjavík notuðu tækifærið og brugðu sér í mínígolf. Einbeitingin skein úr hverju andliti ekki síður en sólin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Selatalningin tekur til Vatnsness og Heggstaðaness. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Selasetrið taldi 580 seli í ár

**NÁTTÚRA** Alls sáust 580 selir í selatalningu sem fram fór í tíunda skipti þann 21. júlí. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Selasetri Íslands.

Markmið talningarinnar var að fylgjast með fjölda og staðsetningu sela á um hundrað kílómetra strandlengju Vatnsness og Heggstaðaness á Norðurlandi vestra. Fjöldinn var meiri en síðustu tvö ár, en þó minni en árlegt meðaltal hefur gefið til kynna.

Að meðaltali hafa sést 760 selir í selatalningunni síðustu tíu ár. Árin 2008 og 2009 sáust flestir selir, eða yfir 1.000 bæði árin, en árið 2012 sáust aðeins 422 selir.

Selasetur Íslands vill þakka öllum þeim 57 sjálfboðaliðum sem tóku þátt í talningunni í ár. **– ngy**




# Innleiða nýjar áherslur í löggæslu á Íslandi

**Nýjar áherslur hjá löggæsluyfirvöldum á Íslandi eru nú í ferli. Yfirvöld vinna nú eftir áherslum byggðum á greiningarvinnu Europol. Lögð er áhersla á mansal og netglæpi. Tengifulltrúi Íslands hjá Europol segir brotastarfsemi flóknari en áður.**

**LÖGREGLUMÁL** „Að skoða fíkniefnabrotin ein og sér er til dæmis úreltur hugsanagangur og ekki til þess fallið að yfirvöld nái árangri,“ segir Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, en nýjar áherslur hjá löggæsluyfirvöldum á Íslandi eru nú í ferli.

Lögreglu- og tollayfirvöld vinna nú eftir áherslum byggðum á greiningarvinnu Europol. Það þýðir að Europol lætur yfirvöldum hér á landi í té upplýsingar um helstu áherslur í löggæslu í Evrópu og hvaða brot séu mest áberandi.

„Þetta gefur þeim sýn á hvaða brot áherslan skuli vera á hverju sinni. Þá er hægt að byggja upp sérþekkingu á áherslusviðunum. Europol hefur þó ekki neitt boðvald yfir yfirvöldum hér á landi en þetta er frekar þjónusta sem er veitt,“ útskýrir Karl Steinar en hans hlutverk er meðal annars að fræða yfirvöld á Íslandi um nýjar áherslur.

### Horfa á stóru myndina

Meginástæða breytinganna er sú að brotastarfsemi í Evrópu og á Íslandi hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Í dag þarf að horfa á stóru myndina.

„Flækjustig rannsókna hjá lögreglunni er miklu hærra en áður hefur verið og kemur til með að verða flóknara. Þetta krefst meiri sérþekkingar, meðal annars á sviði netglæpa. Í dag er brotastarfsemin miklu þyngri og erfiðari,“ segir hann.

Karl Steinar segir að síðustu ár hafi smátt og smátt verið tekið skref í átt að þessum breytingum hjá lögregluyfirvöldum. Ekki er lengur talað um fíkniefnadeild innan lögreglunnar enda er engin ein sérstök deild fyrir þau mál. Í dag heitir rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu Rannsóknir á skipulagðri brotastarfsemi en sú deild sér um mun fjölbreyttari verkefni.

„Í dag eru fíkniefnabrotin samofin fleiri málaflokkum og er lögð áhersla á brotin í stærra samhengi. Fíkniefnamál ein og sér hafa ekki verið rosalega mörg í gegnum tíðina en þau eru samofin ýmsu öðru, til dæmis peningaþvætti, fjármálabrotum, mansali og fleiru,“ segir hann.

### Netglæpir áberandi í dag

Karl Steinar segir birtingarmynd skipulagðrar brotastarfsemi í Evrópu vera þá sömu og á Íslandi. „Í grunninn eru þetta brotahópar sem vinna á ákveðnum sviðum og nýta sér tækni til að fremja brotin. Með aukinni tækni eru brotahópar farnir að kaupa sér þekkingu sérfræðinga.“

Hann segir að lögð sé áhersla á kynferðisbrot á netinu. Einnig sé lögð mikil áhersla á mansalsmál og er það meðal annars ástæðan fyrir því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti upp einingu sem hefur verið að byggja upp sérþekkingu á því sviði.

### Norðurlöndin vinna svipað

Karl Steinar segir að umræddar breytingar muni koma til með að taka tíma en aðlögunarferlið sé nú þegar farið vel af stað. Hann segir lögregluyfirvöld á Norðurlöndunum öll vinna eftir svipuðum áherslum. „Þetta mun taka tíma en mun gera lögreglunni kleift að ná betri árangri í því að átta sig á heildarmyndinni.“

**nadine@frettabladid.is**




Lögregluyfirvöld á Íslandi vinna nú eftir áherslum byggðum á greiningarvinnu Europol. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Þetta mun taka tíma en mun gera lögreglunni kleift að ná betri árangri í því að átta sig á heildarmyndinni.**

Karl Steinar Valsson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol



> **Ég tel breytingarnar mjög góðar og fagna góðu samstarfi við tengilið Íslands hjá Europol.**

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu






Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 4.790.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Félagar Merkel snúast gegn henni

**Gróf ofbeldisverk nokkurra innflytjenda í Þýskalandi undanfarnar vikur hafa enn á ný ýtt undir umræðu um flóttafólk. Áhrifamenn í systurflokkunum CSU og CDU kenna Merkel um ástandið. Aðrir vara þó við því að kynda upp í æsingavélinni eina ferðina enn.**



Horst Seehofer, forsætisráðherra Bæjaralands, og Joachim Herrmann, innanríkisráðherra Bæjaralands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÞÝSKALAND** Áhrifamiklir ráðamenn í þýska CSU-flokknum, systurflokki stjórnarflokks Angelu Merkel kanslara sem heitir CDU, hafa nú í fyrsta sinn lagst harðlega gegn innflytjendastefnu kanslarans.

Horst Seehofer, leiðtogi CSU, og Joachim Herrmann, sem er innanríkisráðherra í Bæjaralandi, segja gróf ofbeldisverk nokkurra innflytjenda undanfarnar vikur þýða að nú verði að endurmeta stefnuna.

Seehofer segir að árásir síðustu dagana sýni að hryðjuverk séu farin að taka á sig alveg nýjar myndir. Yfirvöld í Bæjaralandi verði nú að grípa til mjög ákveðinna öryggisráðstafana.

„Allir okkar spádómar hafa reynst réttir,“ er haft eftir honum á fréttavef vikuritsins Der Spiegel. „Þess vegna tek ég ekki mark á efasemdarröddum.“

Og Herrmann segir að stefna hinna opnu landamæra megi ekki vera ráðandi, og vísaði þar með á bug þeirri stefnu sem Merkel boðaði þegar flóttafólk tók að koma í stórum stíl frá Sýrlandi yfir til Evrópu.

Hún sagði alla velkomna sem í nauðum væru staddir, en hefur sætt gagnrýni af hálfu þeirra sem óttast að í röðum flóttafólks sé að finna hættulega ofbeldismenn.

Herrmann krefst þess nú að auðveldara verði að vísa flóttafólki úr landi, hafi þeir gerst brotlegir við lög: „Það má heldur ekki vera bannað að tala um að vísa fólki aftur þangað sem ástandið er erfitt.“

Merkel hefur til þessa ekki mætt harðri mótstöðu innan systurflokkanna CSU og CDU.

Og það eru ekki bara raddir innan CSU sem nú snúast gegn Merkel, heldur vildi Frank Henkel, innanríkisráðherra Berlínarborgar, greinilega kenna henni beint um ástandið: „Við höfum flutt inn gróft ofbeldisfólk.“

Aðrir hafa þó viljað tala varlega og vara fólk við því að einfalda hlutina um of fyrir sér.

„Vandamálin verða ekki leyst með því að kynda upp í æsingavélinni í hvert skipti sem eitthvað hræðilegt gerist,“ sagði Jan Korte, varaþingflokksformaður vinstriflokksins Die Linke.

Fjórar árásir hafa verið gerðar í Þýskalandi á innan við viku, í Würzburg, München, Reutlingen og Ansbach, og samtals hafa þessar árásir kostað um tíu manns lífið og sent tugi manna á sjúkrahús, marga alvarlega særða og jafnvel í lífshættu.

Ulrike Demmer, talskona þýsku ríkisstjórnarinnar, segir árásirnar ekkert tengdar innbyrðis. Ekki sé heldur að sjá að þær eigi mikið sameiginlegt.

Þar að auki virðist ekki meiri líkur á því að hryðjuverkamenn komi úr röðum flóttafólks en úr röðum annarra íbúa landanna.

„Fæstir þeirra hryðjuverkamanna sem hafa gert árásir í Evrópu undanfarna mánuði voru flóttamenn,“ sagði hún.

Árásarmennirnir fjórir voru allir af erlendum uppruna og ungir að aldri. Tveir þeirra vildu tengja sig við Íslamska ríkið, einn var aðdáandi hins norska hryðjuverkamanns Anders Behring Breivik en einn virðist fyrst og fremst hafa ætlað að myrða vinkonu sína. **gudsteinn@frettabladid.is**

> **Fæstir þeirra hryðjuverkamanna sem hafa gert árásir í Evrópu undanfarna mánuði voru flóttamenn.**
>
> Ulrike Demmer, talskona ríkisstjórnar Þýskalands



## Grimmileg árás á kirkju í Saint-Étienne-du-Rouvray







Prestur lét lífið og annar særðist lífshættulega þegar ofbeldismenn réðust inn kirkju í bæ skammt frá Rouen í Normandí-héraði á Frakklandi. Árásarmennirnir féllu sjálfir í skotbardaga við lögreglu.



**Saint-Étienne-du-Rouvray:** Vopnaðir menn réðust inn í kirkjuna meðan messa stóð þar yfir, tóku prest og fjóra aðra í gíslingu.


François Hollande forseti ásamt Hubert Wulfranc, borgarstjóra í Saint-Étienne-du-Rouvray. NORDICPHOTOS/AFP

## Aldraður prestur myrtur í Frakklandi

Í gærmorgun réðust tveir vopnaðir menn inn í litla sveitakirkju í norðanverðu Frakklandi, tóku þar fimm manns í gíslingu, þar á meðal 84 ára gamlan prest kirkjunnar.

Þennan prest myrtu árásarmennirnir með því að skera hann á háls. Þeir tóku ódæðið upp og fóru að sögn annarra gísla með einhverjar þulur á arabísku á meðan.

Sjálfir féllu þeir fyrir skotum lögreglu þegar þeir komu út úr kirkjunni, en lögreglan hafði þá umkringt kirkjuna og tók á móti þeim með skothríð.

Þrír gíslanna sluppu ómeiddir en einn var fluttur alvarlega særður á sjúkrahús þar sem tvísýnt var um líf hans.

François Hollande, forseti Frakklands, sagði mennina vera á vegum Íslamska ríkisins, öfgasamtaka sem hann sagði hafa lýst yfir stríði á hendur Frakklandi.

Annar árásarmannanna hafði setið í fangelsi þangað til í mars, þegar hann var látinn laus en var þó með eftirlitsbúnað á sér þannig að yfirvöld gátu fylgst grannt með ferðum hans. Hann bjó rétt hjá kirkjunni í Saint-Étienne-du-Rouvray og mátti aðeins bregða sér út fyrir á morgnana, milli klukkan 8.30 og 12.30.










**Völu kókosbollur**
Bíttu laust því bollan er mjúk.




**Sósur Hagkaups**
Hambó#1, Hambó#2, Benni#1, Benni#2,
Sinpip, Kokteil og Spicy Majo.




**Euroshopper Energydrink**
Orka í hverjum sopa.




**Swiss Miss kakó**
Dark Chocolate Senstaion, Milk Chocolate, Light.



**Duni einnota vörur**
Diskar, glös og hnífapör.




**Góu súkkulaði**
Hraun, Florida og Æði.

Gildir til 31. júlí á meðan birgðir endast.

## MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR - TILBÚIÐ Á GRILLIÐ



**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## Hlutverk varaforsetans



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Varaforsetaembættið er næstæðsta embætti framkvæmdavaldsins í Bandaríkjunum á eftir forsetaembættinu sjálfu. Sjálfur er varaforsetinn ekki kosinn í forkosningum heldur velur forsetaframbjóðandi varaforsetaefni sitt. Eru þeir svo saman í einum reit á kjörseðlinum sem eitt framboð.

**Embættisskyldur**
Formlegar embættisskyldur varaforsetans eru ekki margar. Hann sinnir ráðgjafarhlutverki fyrir forsetann og er forseti öldungadeildar þingsins. Þar hefur hann einungis kosningarétt ef atkvæði þingmanna skiptast jafnt.

Þá er það einnig hlutverk varaforsetans að taka við ef forseti hrökklast úr embætti eða deyr áður en kjörtímabili hans lýkur. Það hefur gerst níu sinnum í sögu Bandaríkjanna.

**Níu orðið forseti**
John Tyler, Millard Fillmore, Calvin Coolidge og Harry S. Truman tóku allir við embættinu eftir að forsetar þeirra höfðu látist úr sjúkdómum.



Joe Biden, sitjandi varaforseti.

Andrew Johnson, Theodore Roosevelt og Lyndon B. Johnson tóku við eftir að forsetar þeirra voru myrtir.

Þá varð Gerald Ford forseti eftir að Richard Nixon sagði af sér árið 1974. Ford tók við varaforsetaembættinu af Spiro Agnew, sem einnig sagði af sér, árið 1973 og varð því forseti án þess að nokkur hefði kosið hann.

# Aldrei tapað kosningabaráttu

**Tim Kaine hefur gegnt embætti borgarstjóra, ríkisstjóra og þingmanns. Hann er varaforsetaefni demókrata og lýsir sjálfum sér sem leiðinlegum. Clinton vonar að Kaine tryggi henni Virginíu.**

Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi demókrata í Bandaríkjunum, kynnti fyrir helgi að hún hefði valið öldungadeildarþingmanninn Tim Kaine frá Virginíu sem varaforsetaefni sitt. Kaine er reynslumikill stjórnmálamaður og telur Clinton að hann muni hjálpa framboði hennar en hann hefur aldrei tapað kosningabaráttu. Sjálfur viðurkenndi Kaine í viðtali áður en tilkynnt var um valið að hann væri ekki mest spennandi kosturinn. „Ég er leiðinlegur,“ sagði Kaine.

Frá árinu 2012 hefur Kaine setið í öldungadeild þingsins. Áður, frá 2006 til 2010, var hann ríkisstjóri Virginíu og á árunum 1998 til 2001 var hann borgarstjóri í Richmond.

**Vill vinna Virginíu**
Með vali sínu á Kaine vonast Clinton til að vinna heimafylki hans í kosningunum sem fara fram í nóvember. Demókratar hafa nú unnið Virginíu tvisvar í röð en repúblikanar unnu árin 2000 og 2004.

Kosningakerfið í Bandaríkjunum er með þeim hætti að almenningur kýs kjörmenn til að kjósa frambjóðanda fyrir sig. Mismargir kjörmenn eru í boði í hverju fylki og fær frambjóðandinn sem fær flest atkvæði í fylkinu alla kjörmennina. Í Virginíu eru kjörmennirnir þrettán en 270 þarf til að fá meirihluta kjörmanna og í kjölfarið forsetaembættið.

**Trúboði í Hondúras**
Einnig mun Kaine gagnast Clinton vel við að sækja atkvæði spænskumælandi Bandaríkjamanna. Kaine tók sér árs leyfi frá lögfræðinámi til að sinna trúboðastörfum í Hondúras og talar reiprennandi spænsku.

Hluti ræðu hans þegar Clinton tilkynnti um valið var á spænsku. Þá varð hann árið 2013 fyrsti öldungadeildarþingmaðurinn til að flytja ræðu í þinginu á spænsku. Ræðan var fjórtán mínútur og fjallaði um breytingar sem hann vildi gera á skilyrðum fyrir innflytjendur.

Líkt og sitjandi varaforseti, Joe Biden, er Kaine heittrúaður kaþólikki. Hefur Kaine sagst persónulega vera andvígur fóstureyðingum en líkt og Biden hefur hann í tíð sinni í öldungadeildinni varið fóstureyðingar. Þá gefur stofnunin Planned Parenthood honum hæstu einkunn fyrir að hafa kosið með fóstureyðingum í öldungadeildinni. Einnig hefur hann barist fyrir réttindum hinsegin fólks, meðal annars fyrir rétti samkynja para til að gifta sig.

**Stuðningsmenn Sanders ósáttir**
Stuðningsmenn Bernies Sanders, helsta andstæðings Clinton í forkosningunum, eru ekki allir sáttir við valið. Kaine er eindreginn stuðningsmaður fríverslunarsamningsins Trans-Pacific Partnership, sem Sanders berst gegn. Þá hefur hann einnig talað gegn því að reglur um starfsemi fjármálastofnana verði hertar.

**58** ára

**3** börn

**5** ár í ríkisstjóraembætti

**3** ár á þingi

**» Kaine talar spænsku reiprennandi og er ætlað að sækja atkvæði til spænskumælandi kjósenda.**



# Fyrst og fremst kristinnar trúar

**Mike Pence er varaforsetaefni Donalds Trump. Hann berst fyrir kristnum gildum. Pence er ríkisstjóri í Indiana og lýsti yfir stuðningi við Cruz í forkosningunum. Hann á að sameina flokkinn.**

**57** ára

**3** börn

**3** ár í ríkisstjóraembætti

**10** ár á þingi

**» Pence ólst upp sem demókrati en varð repúblikani eftir að hafa hlustað á ræður Ronalds Reagan.**

Donald Trump er þekktur fyrir sterkan persónuleika sinn, fjölbreyttan stíl og persónutöfra. Ég held hann hafi bara verið að leita að jafnvægi með því að hafa mig með á kjörseðlinum,“ sagði Mike Pence, varaforsetaefni repúblikana, um forsetaefnið, Donald Trump, á landsfundi repúblikana í síðustu viku.

Pence er ríkisstjóri í Indiana en hann hefur gegnt því embætti frá árinu 2013. Áður var hann þingmaður í fulltrúadeild Bandaríkjaþings frá 2001 til 2013.

Hann er vinsæll innan flokksins og minna umdeildur en Trump. Með valinu vonast Trump til að geta sameinað stríðandi fylkingar innan flokksins en sjálfur lýsti Pence yfir stuðningi við Ted Cruz, andstæðing Trumps í forkosningunum. Þar að auki eru Pence og repúblikaninn Paul Ryan, forseti fulltrúadeildarinnar, góðir vinir.

**Hjálpar í nágrannafylkjum**
Talið er nær öruggt að í heimafylki Pence, Indiana, verði repúblikani kosinn. Því er valið á Pence ekki eins og val Hillary Clinton á Tim Kaine, sem hún vonar að tryggi sér heimafylki Kaines, Virginíu. Hins vegar eru sóknartækifæri fyrir repúblikana í nágrannafylkjunum Ohio, Wisconsin og Michigan og vonast Trump til þess að Pence tryggi sigur þar.

Pence er einnig tiltölulega óþekktur á landsvísu. Samkvæmt skoðanakönnunum hafa fæstir Bandaríkjamenn skoðun á honum og getur Pence því mótað persónu sína í takt við þarfir framboðsins.

Einnig mun Pence koma til með að hjálpa til við að tryggja stuðning kristinna Bandaríkjamanna en Pence hefur sagst vera kristinn, íhaldssamur og repúblikani, í þeirri röð.

**Andvígur samkynja hjónaböndum**
Pence barðist gegn rétti samkynja para til að gifta sig og samþykkti lög í Indiana í fyrra sem heimiluðu fyrirtækjum ríkisins að neita samkynja pörum um þjónustu á grundvelli trúarskoðana.

Þá hefur hann einnig samþykkt ein ströngustu lögin í Bandaríkjunum gegn fóstureyðingum. Til að mynda varð Indiana annað fylki Bandaríkjanna til að banna fóstureyðingar ef fóstrið er fatlað. Þá vill Pence skera niður útgjöld ríkisins og lækka skatta.

**Lítur upp til Reagans**
Helstu fyrirmynd sína segir Pence vera Ronald Reagan. Hann hafi alist upp sem demókrati og dáð John F. Kennedy en Reagan hafi náð að snúa honum.

Árið 2006 vildi Pence verða forseti fulltrúadeildar þingsins en tapaði fyrir samflokksmanni sínum John Boehner með 27 atkvæðum gegn 168. Þá var skorað á Pence að bjóða sig fram til forseta árin 2008 og 2012 en hann hefur í stað þess einbeitt sér að Indiana.



# CITROËN C1 ELSKAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR

CITROËN




## LÁGT VERÐ



**5 DYRA FRÁ EINUNGIS 1.859.000 KR.**
Veglegur staðalbúnaður: LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling, brekkuaðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla og margt fleira.

## SÍTENGDUR



**FLOTTUR 7" SNERTISKJÁR**
Innanrýmið er sérstaklega notendavænt með ýmsum snjöllum lausnum. Í Feel og Shine útfærslunum er glæsilegur 7" snertiskjár með Bluetooth tengingu.

## SPARNEYTINN



**LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR**
Sparneytnar og áreiðanlegar bensínvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Ástand heimsins

1



NORDICPHOTOS/AFP

**1.** Sómalskir hermenn standa vörð um rústir bíls sem sprakk í loft upp utan við skrifstofur Sameinuðu þjóðanna í Mógadisjú. Þrettán féllu í sprengjuárásinni sem hryðjuverkahópurinn Shabaab hefur lýst á hendur sér.

**2.** Andre Borschberg og Bertrand Piccard, flugmenn Solar Impulse, lentu flugvél sinni í Abú Dabí. Borgin er síðasta stoppið á hringferð Solar Impulse um heiminn en flugvélin er knúin með sólarorku.

**3.** Mmusi Maimane, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Suður-Afríku, er fagnað eftir kosningafund hans í Jóhannesarborg.

**4.** Sýrlendingar skoða rústir húss sem hrundi í loftárás sýrlenska hersins á Meshed-hverfi borgarinnar Aleppo.

**5.** Indverskir nemendur safnast saman í kringum blómamynd af forsetanum A.P.J. Kalam sem lést í fyrra. Ár er liðið frá andláti Kalams í dag.

2




3



4



5




Öflug þjónusta við leigjendur
Almenna leigufélagið býður leigjendum sínum sólarhringsþjónustu
Leigjendur okkar vita nákvæmlega hvert þeir eiga að leita ef íbúðin þeirra þarfnast viðhalds og þökk sé góðu samstarfi við Securitas getum við sinnt neyðartilfellum allan sólarhringinn. Almenna leigufélagið hefur gert leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði með því að tryggja leigjendum örugga búsetu.
„Öll umsjón er til fyrirmyndar og vel hugsað um sameign og lóð. Okkur fjölskyldunni líður rosalega vel hérna."
– Selma, íbúi í Brautarholti
„Ég hef alltaf búið í eigin húsnæði en er nú að leigja í fyrsta sinn. Ég hafði heyrt margar hryllingssögur af leigusölum en þjónustan hefur verið góð og ábendingum vegna viðhalds alltaf sinnt fljótt og vel."
– Gylfi, íbúi við Skyggnisbraut
„Við erum mjög ánægð með að hafa komist beint í langtímaleiguíbúð eftir langa dvöl erlendis."
– Elías og Birna, íbúar í Hátúni
Langtíma leigusamningur
Sveigjanleiki
24/7 þjónusta
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
almennaleigufelagid.is
SECURITAS
Samstarf Almenna leigufélagsins og Securitas tekur til allra íbúða félagsins.
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

# Það sem ekki má gleymast



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, skrifaði athyglisverða grein í Morgunblaðið í gær, daginn eftir að hann tilkynnti um endurkomu sína í stjórnmálin. Fyrri hluti greinarinnar fer í að tíunda afrek ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs sjálfs í forsæti fyrir Framsóknarflokk í samstarfi við Sjálfstæðisflokk og skal áhugasömum bent á að næla sér í greinina sé vilji til þess að rifja upp afrekaskrána. Í seinni hluta greinarinnar tíundar Sigmundur Davíð svo hvað hafi alltaf staðið til að gera fyrir almenning (stundum kallaðir kjósendur) og þar með mikilvægi þess að ríkisstjórnin sitji áfram við völd. Í framhaldinu hafa stigið fram flokksbræður hans og systur og kvartað undan þeim áætlunum að efna til kosninga í vor eins og var lofað þegar Sigmundur Davíð hrökklaðist frá völdum.

Þrátt fyrir gott pláss í Morgunblaðinu vill þó þannig til að Sigmundur virðist gleyma að koma inn á nokkur lykilatriði í þessu máli. Atriði á borð við það að efnahagslegan viðsnúning ber ekki síst að þakka gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna með tilheyrandi stórfelldri aukningu gjaldeyristekna. Gjaldeyristekna sem hljóta að hafa nýst ríkisstjórninni vel við að greiða niður skuldir og bæta hag ríkissjóðs. Sigmundur virðist einnig hafa gleymt hversu ríkulegan þátt öflugur sjávarútvegur á í bættum hag ríkissjóðs. En það er kannski skiljanlegt að hann líti fram hjá því þar sem ríkisstjórnin taldi svigrúm til lækkunar auðlindagjalds, þrátt fyrir frábæra afkomu stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna en afleita afkomu þeirra sem minnst hafa á milli handanna, eins og aldraðra og öryrkja. Þeir hafa hingað til mátt bíða.

Sigmundur Davíð virðist einnig vera búinn að gleyma forsendu þess að hann er ekki lengur forsætisráðherra. Sigmundur Davíð virðist með öðrum orðum vera búinn að gleyma Panama-skjölunum, peningunum í aflandsskjólinu, þeirri staðreynd að hann reyndi að ljúga sig út úr viðtali við fréttamenn og þeirri risavöxnu öldu mótmæla sem reis í samfélaginu í kjölfarið. Mótmæla sem snerust um þá sjálfsögðu kröfu að þeir sem stjórni landinu búi yfir viðunandi siðferðisþreki og leiti ekki leiða til þess að koma sér undan sameiginlegri uppbyggingu hinna margumtöluðu innviða samfélagsins með skattfríðindum fyrir stórefnafólk.

En það sem er mest um vert, Sigmundur Davíð virðist einnig vera búinn að gleyma því að forystumenn ríkisstjórnar Sigurðar Inga Jóhannssonar lofuðu þingi og þjóð að í haust yrði gengið til kosninga. Það loforð var meginforsenda þess að hægt væri að halda áfram á Íslandi í kjölfar eins mesta hneykslismáls íslenskrar stjórnmálasögu. Allt þetta og meira til þurfa íslenskir kjósendur að muna enn um sinn.

**Það loforð var meginforsenda þess að hægt væri að halda áfram á Íslandi í kjölfar eins mesta hneykslismáls íslenskrar stjórnmálasögu.**

## Halldór









## Frá degi til dags

**Framsókn klofin í herðar niður**

Framsóknarflokkurinn virðist ekki vita í hvorn fótinn hann á að stíga. Í það minnsta eru þingmennirnir höfuðlaus her sem ráfar á milli þess að styðja forsætisráðherra sinn sem boðað hefur til kosninga í haust, eða formann sinn sem vill standa við loforð með því að svíkja loforð og ganga til kosninga næsta vor. Á meðan eru allir aðrir flokkar að búa sig til kosninga í haust. Það er eins og framsóknarþingmenn fatti það ekki að þeir einir stjórna því ekki hvenær kosið verður. Ef fram heldur sem horfir gætu kosningar til Alþingis farið fram hjá Framsóknarflokknum.

**Engeyjarveldið býður fram klofið**

Á sama tíma eru sjálfstæðismenn að gera sig klára í kosningar í haust og engan bilbug á þeim að finna þótt Píratar, Samfylking og VG hafi gefið það út að flokkarnir muni ekki starfa með Sjálfstæðisflokki eftir kosningar. Ef Sjálfstæðisflokkurinn vill þar með komast í ríkisstjórn þarf hann kannski að reiða sig á gamla hækju Framsóknar og gamla og gegna sjálfstæðismenn í sérframboði Viðreisnar. Einhver hlýtur ástæðan að vera fyrir því að Engeyjarættin býður fram klofin. Það væri þá áhugavert að sjá þriggja flokka ríkisstjórn á næsta kjörtímabili.

sveinn@frettabladid.is

# Aflaheimildir til eins fyrirtækis í Færeyjum



Hallveig Ólafsdóttir
hagfræðingur hjá SFS



Karen Kjartansdóttir
samskiptastjóri SFS

Færeyingar hafa hleypt af stokkunum tilraun með því að halda uppboð á mjög takmörkuðum hluta aflaheimilda sinna. Alls ekki er um það að ræða að allar aflaheimildir séu boðnar upp. Það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr þessari tilraun hjá frændum okkar Færeyingum, en fyrstu fregnir gefa tilefni til að velta upp ýmsum spurningum.

Færeyingar buðu t.d. upp 1.200 tonn af þorskkvóta í Barentshafi, ekki í færeyskri landhelgi. Aðeins tvö fyrirtæki sáu sér fært að taka þátt í uppboðinu að þessu sinni og niðurstaðan varð sú að annað þeirra, JFK Trol, fékk aflaheimildirnar. Það gerði fyrirtækið í krafti stærðar sinnar og situr nú eitt að öllum kvótanum sem var boðinn upp næsta árið.

Þessi niðurstaða, að allar umræddar heimildir hafi endað hjá einu fyrirtæki í eitt ár, vekur ýmsar spurningar um kosti uppboðsleiðar. Á Íslandi er frjáls markaður með aflaheimildir. Innbyggt í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið með tryggum fiskveiðiréttindum er langtímahugsun í umhverfismálum tryggð, fyrirtæki geta skipulagt rekstur sinn og fjárfestingar til lengri tíma. Við þetta fyrirkomulag hafa byggst upp öflug og framsækin sjávarútvegsfyrirtæki um allt land sem veita þúsundum manna vinnu.

Færeyingar ætla líka að bjóða upp 9.000 tonn af makrílkvóta. Á Íslandi er úthlutað 152.000 tonnum af makríl og fá 320 skip úthlutaðar aflaheimildir. Að baki þessum 320 skipum eru um 200 fyrirtæki á um 60 stöðum víðsvegar um landið.

Á uppboði myndi líklegast fækka verulega í þessum hópi. Ekki er ólíklegt að einmitt smábátar og skip minni útgerða yrðu undir í slíku uppboði. Má því einnig velta því fyrir sér hvaða áhrif þessi leið hefur á starfsöryggi fólks.

Það er mikilvægt að skoða í þaula hvaða áhrif uppboðsleið myndi hafa, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar um að bylta því kerfi sem við höfum komið upp. Kerfi sem hefur vakið athygli um allan heim vegna þess hve miklu það skilar samfélaginu – því mesta sem gerist í heiminum miðað við greiningar OECD, um leið og það miðar að sjálfbærri og ábyrgri nýtingu auðlindarinnar.

**Alls ekki er um það að ræða að allar aflaheimildir séu boðnar upp.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Íslenskir saksóknarar og alþjóðleg mannréttindi



Steinbergur Finnbogason
héraðsdómslögmaður

Enda þótt pottur sé víða í heiminum brotinn hvað mannréttindi varðar hafa Íslendingar sem betur fer ávallt getað talið sig framarlega í flokki hvað þau varðar. Sú staðreynd virðist þó því miður blasa við að á nokkrum póstum þeirra mannréttinda sem kveðið er á um í Evrópusáttmálanum séum við beinlínis að dragast aftur úr eða að minnsta kosti að draga lappirnar svo ekki sé meira sagt. Sorgleg dæmi um það virðast meira að segja finnast hjá embættum saksóknara sjálfra hinna íslensku stjórnvalda. Þegar grannt er skoðað sýnast embættin meira að segja í veigamiklum atriðum á öndverðum meiði við bæði Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands. Það er út af fyrir sig fréttnæmt.

Hér er ég með í huga viðbrögð við nýju frumvarpi innanríkisráðuneytisins um meðferð sakamála sem m.a. gerir ráð fyrir hertum reglum um hlerun símtala.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, m.a. að danskri fyrirmynd, að þegar lögregla óskar eftir heimild til símhlustunar sé viðkomandi skipaður lögmaður til að gæta réttinda hans, m.a. hvað varðar meðferð og notkun gagna sem safnast. Þessu leggjast saksóknaraembættin gegn og telja ákvæðið líklegt til að tefja mál og spilla rannsóknarhagsmunum. Við búum sem sagt í landi þar sem embætti saksóknara vilja í friði fá áframhaldandi aðgang að dómstólum sem kvitta eins og verið hefur á örskotsstundu upp á heimildir til símhlerana í 99% tilfella. „Fórnarlambið“ á engan rétt í augum saksóknara sem á þó ávallt að vinna með það að leiðarljósi að betra sé að 10 sekir séu sýknaðir en einn saklaus dæmdur. Lesa má það á milli lína í áliti beggja saksóknaraembættanna að þeim þyki þessar breytingar bæði íþyngjandi og kostnaðarsamar.

Símhlustun er innbrot í helgasta vé einkalífsins. Sá sem liggur á hleri læðist um eins og þjófur á nóttu og þarf, hvort sem honum líkar betur eða verr, að hlusta á alls kyns persónuleg mál sem engu skipta fyrir rannsóknina. Um meðferð þessara gagna, varðveislu, aðgengi og eyðingu, má skrifa langt mál en hér verður látið duga að vekja athygli á því áliti Dómarafélags Íslands, sem það sendi Alþingi í umsögn sinni um frumvarpið, að „öryggi þeirra gagna sem hér um ræðir hjá héraðsdómstólunum [sé] ábótavant“. Segir einnig í álitinu að þetta vandamál sé „hluti af gagnavörslu héraðsdómstólanna sem verið hefur óviðunandi um langa hríð.“ Ljótt er ef satt er og auðvitað óþægilegt af að vita fyrir þolendur húsleita og símhlerana.

Mér er þetta mál skylt. Héraðssaksóknari hneppti mig fyrir nokkru síðan í gæsluvarðhald þegar ég mætti sem lögmaður til skýrslutöku með skjólstæðingi mínum. Hann fékk og nýtti sér heimild til húsleitar í öllum gögnum lögmannsstofunnar. Hann fékk heimild til að skoða alla notkun síma minna sex mánuði aftur í tímann. Vel getur verið að hann hafi líka fengið heimild til símhlerana. Um það fæ ég engar upplýsingar fyrr en síðar. Síðast en ekki síst fékk hann heimild til þess að hneppa mig í gæsluvarðhald. Eftir þrjá sólarhringa, nokkru fyrr en nauðsyn bar til, var ég látinn laus. Nú er ljóst að samþykki dómarans fyrir húsleit og síðan gæsluvarðhaldi fékkst með því að leggja fyrir hann rangar og villandi upplýsingar. Fyrir það mun embætti héraðssaksóknara þurfa að svara fyrir dómstólum í fyllingu tímans. Ferlið í þá áttina er raunar þegar hafið með nýlegum úrskurði héraðsdóms sem skikkaði héraðssaksóknara til að eyða tafarlaust gögnum þessarar húsleitar. Þar er að mínu mati gefinn ákveðinn tónn um framhaldið.

Ekki er ólíklegt að glannaskapur héraðssaksóknara hefði orðið minni ef ákvæði fyrrnefnds lagafrumvarps hefðu verið í gildi. Ef markmið saksóknaraembættanna eru hins vegar, eins og manni virðist oft vera tilfellið, fyrst og fremst að auka afköst og hámarka „árangur“ í ákærusmíð er skiljanlegt að þau maldi í móinn. Kannski er afkastaáherslan ein af ástæðum þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur oftsinnis spurt áleitinna spurninga um málsmeðferð fyrir íslenskum dómstólum og ítrekað ákvæði þess mannréttindasáttmála sem Íslendingar hafa undirgengist en þverskallast við að hlýða.



**Þegar grannt er skoðað sýnast embættin meira að segja í veigamiklum atriðum á öndverðum meiði við bæði Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands. Það er út af fyrir sig fréttnæmt.**



# Sérstakur saksóknari á kaffispjalli við Al Thani



**Guðmundur Guðbjarnason**
faðir refsifanga sem nú afplánar dóm

Í ljósi þeirra miklu og jákvæðu tíðinda fyrir íslenskt réttarfar að Mannréttindadómstóll Evrópu ætli að taka hið svokallaða Al Thani-mál til sérstakrar athugunar er tilefni til að fara sérstaklega yfir eina af fjórum spurningum Mannréttindadómstólsins til íslensku ríkisstjórnarinnar.

Forsaga málsins er að í dómi Hæstaréttar í málinu var því slegið föstu að engin skýring geti verið önnur en sú að Mohammad Bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins af Katar, hafi átt að gefa helming hugsanlegs hagnaðar af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi til athafnamannsins Ólafs Ólafssonar. Jafnvel þó að Al Thani tæki sjálfur alla áhættu af viðskiptunum! Að mati Hæstaréttar er það hafið yfir skynsamlegan vafa, jafnvel þó að engar haldbærar sannanir liggi fyrir. Ekki þarf að fjölyrða um að slíkt fyrirkomulag stríðir augljóslega gegn heilbrigðri skynsemi, þar sem áhætta og ávinningur haldast engan veginn í hendur.

### Hvað sagði Al Thani?

Til er endurrit af tveimur hljóðupptökum af kaffispjalli milli annars vegar Al Thani sjálfs og hins vegar ráðgjafa hans og frænda, Sheikhs Sultan, með starfsmönnum sérstaks saksóknara, Ólafi Þór Haukssyni og saksóknaranum Birni Þorvaldssyni, sem fram fór á Intercontinental-hótelinu í London. Þar sagði Sheikh Sultan, frændi og ráðgjafi Al Thani, um kaup Al Thani á hlutunum í Kaupþingi í íslenskri þýðingu minni: „... tilboðið um kaup á 5% hlutnum var beint til hans hátignar og eru því bein viðskipti hans. Þessi viðskipti eru ótengd öllum öðrum viðskiptum.“ Sömu sögu sagði Al Thani sjálfur: „Að eignast þessa hluti í bankanum er það sem mér var boðið. Þegar þeir lögðu tillöguna fyrir mig samþykkti ég hana og ég fól lögfræðilegum ráðgjafa mínum að sjá um lagalegu hliðina.“

Hvorugur þeirra kannaðist við að Ólafur Ólafsson ætti einhvern hlut í kaupunum!

### Trúverðug svör að mati Ólafs Þórs

Að loknu spjallinu við Sheikh Sultan kvaddi Ólafur Þór og föruneyti með því að undirstrika að þeim þætti útskýringar hans mjög trúverðugar: „Yðar hátign hefur svarað spurningunum mjög heiðarlega hér í dag og við teljum þessi svör hafi virði fyrir rannsóknina, en til að þau hafi gildi sem gögn í máli, verðum við að kynna

**Að eignast þessa hluti í bankanum er það sem mér var boðið. Þegar þeir lögðu tillöguna fyrir mig samþykkti ég hana og ég fól lögfræðilegum ráðgjafa mínum að sjá um lagalegu hliðina.**

þau fram fyrir dómi.“ Sakborningarnir í Al Thani-málinu kröfðust þess að þeir frændur gæfu vitnisburð fyrir dómi og staðfestu þar með frásögn sína. Þegar málið var flutt kom í ljós að ákæruvaldið hafði ekki boðað þá frændur fyrir héraðsdóm sem vitni. Gerðu lögmenn sakborninganna mjög alvarlegar athugasemdir við þetta í Hæstarétti en á það var ekki hlustað.

Ekki verður annað séð en að Sérstakur saksóknari hafi metið það svo að framburður þeirra Katar-manna væri sérlega óheppilegur málatilbúnaði embættisins. Allt annað en sakfelling hefði verið óbærilegt. „Árangur“ í fyrsta stóra bankahrunsuppgjörsmálinu var embætti, sem stofnað var einungis til að ákæra bankamenn, augljóslega afar mikilvægur.

### Svör Al Thani rata ekki í dóminn

Þá er einkar athyglisvert að sjá að það er ekki eitt orð að finna í Hæstaréttardómnum um hvað þeir Katarfrændur sögðu í samtölum við Sérstakan saksóknara. En hafa ber í huga að þá hefði þurft að færa fyrir því rök hvers vegna frásögn þeirra af viðskiptunum, sem var í samræmi við vitnisburð sakborninga og gögn málsins, væri skyndilega ekki trúverðug.

Hæstaréttardómararnir hefðu þá einnig þurft að svara því hvers vegna lykilaðilar málsins, þeir Al Thani og frændi hans, voru ekki yfirheyrðir sem sakborningar. Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar tóku þeir þátt í að villa um fyrir markaðinum með því að geta ekki um að Ólafur ætti rétt á helmingi vænts hagnaðar Al Thani. Í raun hafi Al Thani ekki viljað eiga meira en hagnað af 2,5% hlut í Kaupþingi samkvæmt dómnum. Al Thani samþykkti augljóslega aldrei slíkt samkvæmt gögnum málsins en var hann þó sá eini sem hefði getað gert það.

Á sama tíma var sonur minn, Magnús, sem þeir Katar-frændur höfðu aðeins hitt einu sinni, látinn dúsa í einangrun, sími hans og lögmanns hans hleraður og húsleitir framkvæmdar á heimili hans. Hann situr enn af sér fjögurra og hálfs árs fangelsisdóm meðan eina refsing þeirra sem gátu framkvæmt meintan glæp – að gefa Ólafi Ólafssyni hagnaðarhlutdeild af hlutafjáreign sinni – var að sitja undir smjaðurslegum ávörpum „yðar hátign“ og „yðar hágöfgi“ frá Sérstökum saksóknara og starfsmönnum hans í svítu lúxushótels í London.

### Samvinna, heiðarleiki og vanvirðing

Eftirtektarvert er að í lok spjallsins við Sheik Sultan var hann kvaddur með orðunum: „Við metum mjög mikils þessa samvinnu og þú hefur verið mjög heiðarlegur við okkur hér í dag og auðvitað viljum við ekki sýna neina vanvirðingu við Katar.“ Hvað á að lesa í orðin „samvinnu, heiðarleika og vanvirðingu“, er saksóknari ekki að tala við höfuðpaur eins alvarlegasta efnahagsbrots sem um getur á Íslandi ef eitthvað er að marka ákæruna frá honum og síðar dóm Hæstaréttar?

Ég hef áður skrifað nokkrar greinar um þá tilhneigingu saksóknara og dómara að líta á sig sem hafna yfir gagnrýni og ekki bundna af því að fylgja grundvallarlagareglum réttarríkisins nema það henti. Þessi viðleitni mín hefur borið sama árangur og að skvetta vatni á gæs. Ef til vill breytist það nú þegar Mannréttindadómstóll Evrópu tekur undir og spyr íslenska ríkið „hvort það hafi verið brotið á rétti sakborninganna um réttláta málsmeðferð þegar þeim var ekki gefið tækifæri til að yfirheyra vitnin Al Thani og frænda hans fyrir dómi“. Ég, ásamt mörgum öðrum, bíð spenntur eftir svarinu við þeirri spurningu.





Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju 2016
The International Organ Summer in Hallgrímskirkja 2016
18. júní – 21. ágúst / June 18 – August 21

Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon
Schola cantorum
Hallgrimskirkja Chamber Choir

Hallgrímskirkja houses two of the very best choirs in Iceland and Schola Cantorum is the church's multiple prize-winning chamber choir, celebrating it's 20th birthday this year. The choir's repertoire is wide, ranging from renaissance to contemporary music. Schola Cantorum gives regular concerts in Iceland and has given concerts in Norway, Finland, Germany, Italy, Spain, Japan, Switzerland and France. This summer's programmes will consist of highlights from the last two decades. Stjórnandi/Conductor: Hörður Áskelsson
Aðgangseyrir/ Admission: 2500 ISK
Until August 31



Helgartónleikar
með alþjóðlegum konsertorganistum
Weekend concerts
Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm
with international concert organists



| | |
|---|---|
| 18. 6. 12 noon | Thomas Ospital, St. Eustache, Paris, France |
| 19. 6. 5 pm | Thomas Ospital, St. Eustache, Paris, France |
| 25. 6. 12 noon | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 26. 6. 5 pm | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík |
| 2. 7. 12 noon | Leo van Doeselaar, Concertgebouw, Amsterdam, The Netherlands |
| 3. 7. 5 pm | Leo van Doeselaar, Concertgebouw, Amsterdam,The Netherlands |
| 9. 7. 12 noon | Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík |
| 10. 7. 5 pm | Kári Þormar, Dómkirkjan, Reykjavík |
| 16. 7. 12 noon | Katelyn Emerson, concert organist, USA |
| 17. 7. 5 pm | Katelyn Emerson, concert organist, USA |
| 23. 7. 12 noon | Ligita Sneibe, concert organist, Latvia |
| 24. 7. 5 pm | Ligita Sneibe, concert organist, Latvia |
| 30. 7. 12 noon | Douglas Cleveland, Plymouth Church, Seattle, USA |
| 31. 7. 5 pm | Douglas Cleveland, Plymouth Church, Seattle, USA |
| 6. 8. 12 noon | Mattias Wager, Stockholm Cathedral, Sweden |
| 7. 8. 5 pm | Mattias Wager, Stockholm Cathedral, Sweden |
| 13. 8. 12 noon | Christoph Schöner, St. Michaelis, Hamburg, Germany |
| 14. 8. 5 pm | Christoph Schöner, St. Michaelis, Hamburg, Germany |
| 20. 8. 12 noon | James McVinnie, concert organist, London, UK |
| 21. 8. 5 pm | James McVinnie, concert organist, London, UK |

Aðgangseyrir/ Admission: Lau/ Sat 2000 ISK- Sunnud/ Sunday 2.500 ISK

Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon
Í samvinnu við Félag íslenskra organleikara
In cooperation with Icelandic Organist Association

| | |
|---|---|
| 23. 6. | Guðmundur Sigurðsson, Hafnarfjörður Church |
| 30. 6. | Hörður Áskelsson, Hallgrímskirkja |
| 7. 7. | Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, Akureyri Church |
| 14. 7. | Lára Bryndís Eggertsdóttir organ, Iceland, and Dorthe Höjland saxophone, Denmark |
| 21. 7. | Jón Bjarnason, Skálholt Cathedral |
| 28. 7. | Larry Allen organ and Scott Bell oboe, USA |
| 4. 8. | Friðrik Vignir Stefánsson, Seltjarnarnes Church |
| 11. 8. | Hörður Áskelsson Hallgrímskirkja and Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosopran, Reykjavík |
| 18. 8. | Kári Allansson, Háteigskirkja Church, Reykjavík |

Aðgangseyrir/ Admission: 2000 ISK



Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins.
Free entrance to all organ concerts for members of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society.

Reykjavíkurborg · Gunnar Eggertsson

Miðasala við innganginn / Ticket sales at the entrance 1hr before / MIDI.IS
Listrænn stjórnandi / Artistic Director: Hörður Áskelsson
Tónleikastjóri / Concert Manager: Sigríður Ásta Árnadóttir s.698 6774
Framkvæmdastjóri / Manager: Inga Rós Ingólfsdóttir s. 696 2849

Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sími / tlf. +354 510 1000 - list@hallgrimskirkja.is
LISTVINAFELAG.IS
Þakkir fá/ Thanks to: Hallgrímskirkja, Hótel Holt, Kolabrautin, Room with a view


# Um háskólamenntun í tónlist – menntun tónlistarkennara



**Þóra Einarsdóttir**
söngkona og aðjúnkt við Tónlistardeild LHÍ

Frá og með næsta hausti verður boðið upp á meistaranám í söng- og hljóðfærakennslu við Listaháskóla Íslands. Allt frá stofnun skólans árið 1999 hefur verið rætt um mikilvægi þess að LHÍ bjóði upp á menntun fyrir tónlistarkennara. Kröfur um menntun grunn- og framhaldsskólakennara hafa sömuleiðis verið auknar. Þeir þurfa að vera með meistaragráðu í kennslufræði. Þetta á við um tónlistarkennara eins og aðra kennara. Um tónlistarskólakennara gegnir öðru máli þar sem starfsheiti þeirra er ekki lögverndað. Í raun eru ekki gerðar kröfur um að tónlistarskólakennarar séu með kennaramenntun en margir þeirra eru menntaðir hljóðfæraleikarar. Það er í valdi stjórnenda tónlistarskólanna hvaða kröfur þeir gera varðandi kennaramenntun. Þessi staðreynd kann að einhverju leyti að skýra hvers vegna svo löng bið varð á meistaranámi í söng- og hljóðfærakennslu.

Fram til ársins 2004 hafði Tónlistarskóli Reykjavíkur séð um að mennta tónlistarkennara til kennslu í grunnskólum og í tónlistarskólum en námið lagðist af þar sem ljóst var að menntun tónlistarkennara ætti heima innan LHÍ. Það var miður að LHÍ bauð á þeim tíma ekki upp á kennaranám og um nokkurra ára skeið var takmarkað framboð á menntun fyrir tónlistarkennara. Söngskólinn í Reykjavík bauð þó upp á menntun söngkennara og FÍH hefur menntað tónlistarkennara. Hafa þessir skólar því sinnt menntun söngkennara og annarra tónlistarkennara þó ekki hafi verið um meistaragráðu eða háskólapróf að ræða.

**Stofnun meistaranáms í söng- og hljóðfærakennslu við LHÍ er framfaraskref og mun vonandi skila miklu inn í þróun söng- og hljóðfærakennslu og ýta undir rannsóknir á því sviði.**

### Horfir til betri vegar

Möguleikar þeirra sem hyggja á tónlistarkennslu til menntunar hér á landi hafa þó smám saman aukist og nú horfir til betri vegar. LHÍ hefur boðið upp á meistaranám í listkennslu sem veitir kennararéttindi í grunn- og framhaldsskóla og hefur útskrifað listgreinakennara frá 2009. Þar á meðal eru listgreinakennarar með grunn í tónlist sem margir hverjir sinna tónlistarkennslu í grunnskólum. Háskóli Íslands útskrifar einnig kennara með tónlist sem kjörsvið. Skapandi tónlistarmiðlun er bakkalárnám við LHÍ með sterka áherslu á miðlun og hentar því vel þeim sem hyggja á kennslu. Allir söng- og hljóðfæranemendur á bakkalárstigi læra sértæka kennslufræði og hljóðfæranemendur geta einnig valið að gera kennaranám að stærri þætti bakkalárnámsins.

Í tónlistarskólum um allt land starfa færir hljóðfæraleikarar/söngvarar og hæfir kennarar. Starf þeirra er gríðarlega mikilvægt og möguleikar á menntun og endurmenntun tónlistarskólakennara mikið hagsmunamál fyrir tónlistarlífið í landinu. Mikilvægt er að fagmennska og framþróun eigi sér stað á sviði tónlistarkennslu eins og annars staðar í skólakerfinu.

Stofnun meistaranáms í söng- og hljóðfærakennslu við LHÍ er framfaraskref og mun vonandi skila miklu inn í þróun söng- og hljóðfærakennslu og ýta undir rannsóknir á því sviði.




# Bestu vinir urðu silfurvinir

**Kári Jónsson og Jón Axel Guðmundsson hafa spilað körfubolta saman og hvor á móti öðrum síðan þeir muna eftir sér. Saman voru þeir magnaðir þegar íslenska U20 ára landsliðið náði sögulegum árangri.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri vann til silfurverðlauna í B-deild Evrópumótsins á sunnudaginn. Liðið lagði gestgjafa Grikklands í mögnuðum undanúrslitaleik og tryggði sér þannig sæti í A-deild á næsta ári en úrslitaleiknum töpuðu strákarnir grátlega í framlengingu.

Tveir af allra efnilegustu körfuboltamönnum landsins, bakverðirnir Jón Axel Guðmundsson úr Grindavík og Kári Jónsson úr Haukum, voru algjörlega magnaðir á mótinu og áttu stóran þátt í afreki liðsins. Kári var þriðji stigahæstur á mótinu með 17,9 stig að meðaltali í leik auk þess sem hann tók 4,7 fráköst og gaf 3,6 stoðsendingar. Jón Axel var fjórði stigahæstur með 16,9 stig auk þess sem hann tók 8,4 fráköst í leik að meðaltali og gaf 4,4 stoðsendingar.

„Auðvitað var maður fúll að enda uppi með silfrið en það var bara kvöldið eftir leikinn. Nú þegar þetta er að leka af manni fattar maður hversu mikið afrek þetta er og hversu stoltir við erum af þessu," segir Kári Jónsson við Fréttablaðið og æskuvinur hans og félagi í bakvarðasveit íslenska liðsins, Jón Axel, tekur undir þau orð.

„Maður á auðvitað að vera stoltur af að ná svona langt. Það efuðust margir um að við gætum náð árangri þarna en sjálfir vorum við búnir að grínast með það við vini okkar og inni í liðinu að við ætluðum alla leið," segir hann.

### Spark í rassinn

Íslenska liðið var í erfiðum riðli en ef það var einn leikur sem flestir reiknuðu með sigri í var það sá fyrsti á móti Hvíta-Rússlandi. Hann tapaðist en strákarnir svöruðu því með því að leggja stórlið Rússa og svo mjög sterkt lið Pólverja áður en Georgíumenn fengu 40 stiga rassskell í átta liða úrslitum.

„Menn voru ekki bjartsýnir eftir fyrsta leikinn held ég," segir Jón Axel heiðarlegur. „Við þurftum að vinna rest og áttum eftir Rússland og Pólland en við bara gerðum það. Okkur vantaði alla upplifun af evrópskum körfubolta því við vorum bara búnir að spila æfingaleiki gegn U18 hérna heima og vorum ekki alveg undirbúnir. Þegar við sáum hversu fast mátti spila og hvað dómararnir leyfðu fundum við taktinn. Við hefðum ekki tapað gegn Hvíta-Rússlandi ef hefðum fengið alvöru æfingaleik."

Kári er sammála Jóni Axel um undirbúninginn. „Hvít-Rússar voru búnir að vera í æfingamóti en við að spila æfingaleiki við Íslendinga þannig það var smá sjokk fyrir okkur að mæta þarna og við lentum eiginlega á vegg. En við rifum okkur heldur betur í gang í næsta leik. Það var hrikalega sterkt að vinna Rússana. Þá sáum við að við erum greinilega drullugóðir og eigum alveg erindi í þessi lið. Við vorum virkilega nettir. Tapið í fyrsta leik var bara gott spark í rassinn. Það ýtti aðeins við okkur," segir Kári.

### Vildu treyjur strákanna

Sigur ungu strákanna á heimamönnum frá Grikklandi mun lengi lifa í minningu þeirra. Höllin var troðfull af grískum stuðningsmönnum sem komu til að sjá sína menn fara í úrslitaleikinn og tryggja sér um leið sæti í A-deild Evrópumótsins. Svo varð ekki því íslensku strákarnir spiluðu frábærlega og unnu þriggja stiga sigur.

„Að vinna þann leik er ein mesta sturlun sem ég hef tekið þátt í," segir Kári. „Þarna voru 2.000 manns, höllin full og allir á móti okkur. Það var ekki leiðinlegt að þagga niður í þeim og komast í úrslitin."

Árangur íslenska liðsins hafði vakið athygli fram að sigrinum gegn Grikkjum en eftir hann sprakk allt.

„Það voru allir að tala við okkur þarna og sérstaklega eftir úrslitaleikinn. Það vildu flestir meina að við værum með besta liðið. Ég held að allir í liðinu hafi fengið beiðni um að gefa búninginn sinn en við náttúrlega máttum það ekki," segir Jón Axel.

### Bestu vinir

Árangur íslenska liðsins í Grikklandi var sögulegur. Ekki bara er þetta langbesti árangur U20 ára liðsins á Evrópumótinu heldur hefur B-deildin aldrei verið jafnsterk síðan fækkað var liðum í A-deildinni og margar stórþjóðir komu niður. Það var því ekki leiðinlegt fyrir æskuvinina að ná þessum árangri saman í mögulega sínum síðasta leik fyrir yngri landsliðin.

„Við Kári höfum verið bestu vinir síðan við vorum tveggja ára," útskýrir Jón Axel en foreldrar bakvarðanna eru góðir vinir og þá spiluðu þeir saman í Haukum áður en Jón fór til Grindavíkur. Þeir hafa spilað saman upp öll landsliðin og í yngri flokkum og á seinni árum á móti hvor öðrum.

„Þegar við vorum litlir spiluðum við alltaf tveir saman á móti Ingva bróður þannig að við þekkjum það vel að spila saman. Það var svo alveg geggjað að spila með honum þarna úti. Við þekkjum hvor annan út í gegn. Þegar ég keyri að körfunni veit ég alltaf hvað hann er að fara að gera," segir Jón Axel og Kári tekur í sama streng um æskuvinin sinn.

„Það var svo geggjað að spila með honum þarna úti. Þetta er kannski í síðasta skiptið sem við spilum saman í yngri landsliðunum. Vonandi verðum við bara saman í A-landsliðinu næst. Við þekkjum hvor annan svo vel og þekkjum styrkleika okkar þannig að það er bara frábært að spila með honum," segir Kári Jónsson.

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Stjarnan 1-2**
1-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (9.), 1-1 Ana Victoria Cate (27.), 1-2 Harpa Þorsteinsdóttir (74.).

Harpa Þorsteinsdóttir tryggði Stjörnunni öll þrjú stigin fyrir norðan með sínu 14. deildarmarki.

**Selfoss - ÍBV 3-5**
0-1 Díana Dögg Magnúsdóttir (11.), 1-1 Magdalena Anna Reimus (21.), 1-2 Cloe Lacasse (25.), 1-3 Lenoie Pankratz (35.), 1-4 Sigríður Lára Garðarsdóttir (42.), 1-5 Lacasse (47.), 2-5 Eva Lind Elíasdóttir (48.), 3-5 Reimus, víti (52.).

Eyjakonur eru á mikilli siglingu og hafa unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum í deild og bikar.

**FH - ÍA 2-1**
1-0 Bryndís Hrönn Kristinsdóttir (6.), 1-1 Cathrine Dyngvold (59.), 2-1 Alex Nicole Alugas (63.).

Alex Nicole Alugas, nýjasti leikmaður FH, kom inn á í hálfleik og tryggði liðinu gríðarlega mikilvægan sigur í botnbaráttunni.

**KR - Breiðablik 0-2**
0-1 Fjolla Shala (48.), 0-2 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (66.).

Berglind Björg opnaði markareikninginn með Blikum þegar þeir unnu öruggan sigur á KR.

**Valur - Fylkir 3-0**
1-0 Vesna Elísa Smiljkovic (17.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (38.), 3-0 Margrét Lára, víti (90+1).

Margrét Lára skoraði tvö mörk í sannfærandi sigri Vals sem heldur í við toppliðin í deildinni.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. Stjarnan | 25 | 6. Fylkir | 10 |
| 2. Breiðablik | 24 | 7. FH | 10 |
| 3. Valur | 21 | 8. Selfoss | 9 |
| 4. Þór/KA | 17 | 9. KR | 6 |
| 5. ÍBV | 15 | 10. ÍA | 4 |

**Hvaða grín er að Valdís þurfi að svara fyrir þetta viðtal? Hörku íþróttakona með skap. Ekkert að því.**
Jón Kaldal
@jonkaldal

**HELENA EKKI MEÐ Í VETUR** Helena Sverrisdóttir, fremsta körfuboltakona Íslands, leikur ekki með Haukum á næsta tímabili þar sem hún á von á sínu fyrsta barni. Helena sneri aftur til Hauka í fyrra eftir dvöl erlendis, bæði í háskóla í Bandaríkjunum og í atvinnumennsku í Evrópu. Helena átti frábært tímabil og var valin besti leikmaður Domino's-deildar kvenna. Haukar urðu deildarmeistarar en töpuðu fyrir Snæfelli í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Selfoss - Valur | Sport |
| 19.15 | HK - Leiknir R. | Sport2 |
| 23.30 | Real Madrid - PSG | Sport |
| 01.30 | Bayern - AC Milan | Sport |
| 03.30 | Liverpool - Chelsea | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Selfoss - Valur | JÁVERKv. |
| 18.15 | Fram - Þór | Laugardalsv. |
| 19.15 | HK - Leiknir R. | Kórinn |
| 19.15 | KA - Haukar | Akureyrarv. |
| 19.15 | Fjarðab. - Leiknir F. | F-höllin |
| 19.15 | Grindavík - Huginn | Grindav. |


☆ Tenerife ☆ Kanarí ☆ Mallorca ☆ Almeria ☆ Benidorm, Albír, Alicante
SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA
SÓLARHRINGSTILBOÐ
á valdar brottfarir í ágúst
Hefst í dag miðvikudag 27. júlí kl. 12:00
MALLORCA
FRÁ: 69.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á *Portofino/Sorrento* ☆☆ íbúð með einu svefnherbergi. Verð 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 2. ágúst – 1 vika.*
MALLORCA
FRÁ: 69.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á *Sol Alcudia Center* ☆☆☆ íbúð með einu svefnherbergi. Verð 107.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 9. ágúst – 1 vika.*
KANARÍ
FRÁ: 83.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn á *Parque Cristobal* ☆☆☆ smáhýsi með einu svefnherbergi. Verð 109.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 3. ágúst – 1 vika.*
KANARÍ
FRÁ: 59.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á *Teneguia* ☆☆ íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugasýn. Verð 74.000 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 10. ágúst – 1 vika.*
ALMERÍA
FRÁ: 79.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á *Bahia Serena* ☆☆☆☆ íbúð með einu svefnherbergi. Verð 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 4. ágúst – 1 vika.*
BENIDORM
FRÁ: 79.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á *Oasis Plaza* ☆☆☆ í tvíbýli með morgunverði. Verð 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna. *Brottför: 9. ágúst – 1 vika.*
*Gildir aðeins með nýjum bókunum*
KÍKTU Á **SUMARFERDIR.IS** OG BÓKAÐU ÞÍNA FERÐ Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI. FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
**Kanarí** 3., 10., 17., 24. og 31. ágúst
**Mallorca** 2., 9., 16., 23. og 30. ágúst
**Almería** 4., 11., 18. & 25. ágúst 1. september.
**Benidorm, Albír & Alicante** 2., 5. og 9. ágúst
*Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, taska og handfarangur.*
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs frænda okkar,

**Haraldar Hákonarsonar**
fyrrum bónda á Fiskilæk,

sem lést 3. júlí síðastliðinn.

**Fjölskylda hins látna.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Sörladóttir**

lést föstudaginn 22. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Ásta Guðmundsdóttir**
**Ingibjörg Goldberg Jersey Goldberg**
**Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Katrín Guðmundsdóttir Árni Freyr Sigurlaugsson**
**Erla Rúna Guðmundsdóttir Jens Guðfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuð eiginkona mín, móðir og amma,

**Kolfinna Bjarnadóttir**
Hvassaleiti 56,

lést á Landspítalanum mánudaginn 18. júlí. Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 28. júlí klukkan 15.00.

**Hinrik Bjarnason,**
**Bjarni Hinriksson, Anna Hinriksdóttir,**
**Breki og Hinrik Kolmar.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Brynhildur Kristinsdóttir**
Svöluhrauni 11, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. júlí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildarinnar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Albert Þorsteinsson**
**Sigríður Albertsdóttir Elís Stefánsson**
**Hildur G. Albertsdóttir Olgeir Sigmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Pétursdóttir**
síðast til heimilis að Sóltúni 2, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. júlí, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 28. júlí kl. 13.00.

**Björgvin V. Björgvinsson Alma Björk Guttormsdóttir**
**Pétur Reimarsson Hera Sigurðardóttir**
**Gréta R. Snæfells**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Tanja Levý, ein af skipuleggjendum viðburðarins, sést hér á Óðinstorgi þar sem verður hægt að tefla í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Harmonikkutónlist og taflkennsla á Óðinstorgi

Óðinstorg er eitt af þessum torgum í miðborginni sem er ekkert sérstaklega vel nýtt þrátt fyrir að vera skemmtilega staðsett með veitingastaði og kaffihús í kring. Í dag verður gestum og gangandi boðið upp á taflkennslu, harmonikkutónlist og kaffi á tilboði.

Við erum þrjár sem erum með verkefnið Torg í biðstöðu á vegum Reykjavíkurborgar – ég, Ágústa Sveinsdóttir og Helga Páley.

Við erum að skipuleggja viðburði á Óðinstorgi út sumarið. Í dag ætlum við að vera með tafl og tóna – við verðum með tíu taflborð í boði fyrir gesti og gangandi ef þeir vilja spreyta sig á taflinu og síðan kemur Flemming Viðar Valmundsson harmonikkuleikari klukkan tvö og tekur lagið.

Stefán Bergsson kemur frá Skákakademíu Reykjavíkur og leiðbeinir fólki sem hefur áhuga á því að læra að tefla. Í kringum Óðinstorg eru síðan veitingastaðir og kaffihús og kaffihúsið C is for cookie verður með tilboð á þessum degi – það verður uppáhellt kaffi og pönnukaka á 500 krónur,“ segir Tanja Levý, ein af þremur skipuleggjendum viðburðarins Tafls og tóna sem haldinn verður í dag frá tvö til fimm á Óðinstorgi.

**Við verðum með tíu taflborð í boði fyrir gesti og gangandi ef þeir vilja spreyta sig á taflinu og síðan kemur Flemming Viðar Valmundsson harmonikkuleikari klukkan tvö og tekur lagið.**

Verkefnið Torg í biðstöðu er liður í þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að vera skapandi, græn og fyrir fólk og alls konar. Verkefninu er ætlað að virkja skapandi borgarbúa, hlúa að almenningsrýmum borgarinnar og breyta til og hefur það verið í gangi síðan 2010.

„Við byrjuðum á að flikka upp á Vitatorg og síðan færðum við okkur yfir á Óðinstorg þar sem við sjáum um viðburði. Við erum búnar að halda kubbmót og daginn eftir Tóna og tafl verður síðan útijóga og salsakvöld á Óðinstorgi. Það er hægt að sjá dagskrána á Facebook-síðu Reykjavíkurborgar þar sem þessir atburðir verða auglýstir,“ segir Tanja um framtíð Óðinstorgs í sumar en það verður greinilega nóg um að vera það sem eftir lifir sumars.

stefanthor@frettabladid.is



✝

Heittelskuð eiginkona, móðir og systir,

**Ingibjörg Baldursdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Starhaga 16, Reykjavík,

lést 16. júlí.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 28. júlí kl. 15.00.

**Frans Jezorski**
**Baldur, Kristín, Hanna og Björg Jezorski**
**Jóhann Baldursson og Sigurður Baldursson**



✝

Yndislega systir okkar,

**Ásdís Gísladóttir**
Grundarlandi 17,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. júlí.
Útför Ásdísar verður auglýst síðar.
Fyrir hönd aðstandenda .

**Kristján Benedikt Gíslason**
**Álfgeir Gíslason**
**Ragnar Gíslason**
**Sigfinnur Steinar Gíslason**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Braga Jónassonar**
rafvirkjameistara,
Sléttuvegi 23, áður Árlandi 1,

**Fríða Ingvarsdóttir**
**Jón Ingi Ólafsson Jóna Bjarnadóttir**
**Jónas Ólafsson Valdís Ella Finnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, amma og langamma,

**Sigríður Skúladóttir**
hárgreiðslukona,

lést á öldrunardeild Landakots 21. júlí. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 2. ágúst klukkan 13.00.

**Skúli Konráðsson**
**Hrafnhildur Árnadóttir**
**Sigurður Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 27. JÚLÍ 2016 MIÐVIKUDAGUR

# BETRI BORGARAR Á 500 KRÓNUR

**Texasborgarar kynna** Nýr stjórnmálaflokkur, Betri flokkurinn, býður fram í næstu alþingiskosningum. Í tilefni af stofnun hans ætlar Magnús Ingi Magnússon, formaður flokksins, að bjóða upp á Betri borgara og franskar á 500 krónur.

Magnús Ingi Magnússon á Texasborgurum er formaður nýs flokks sem ber nafnið Betri flokkurinn. „Þetta er ekkert auglýsingatrix heldur dauðans alvara,“ segir Magnús Ingi og bætir við: „Okkur vantar ferska vinda á Alþingi og betri stjórnmál. Þess vegna býð ég mig fram enda á Alþingi að vera þverskurður af samfélaginu. Þar eiga að sitja fulltrúar ólíkra hópa, t.d. iðnaðar- og sjómenn, bændur, fólk úr fiskiðnaði, fleiri konur, yngra og eldra fólk og raunar bara manneskjur sem vilja betra þjóðfélag.“

Að sögn Magnúsar Inga stendur Betri flokkurinn fyrir betri stjórnmál en líka miklu fleira. „Ég vil sjá flestalla listastarfsemi og trúarbrögð á frjálsum markaði en ekki undir verndarvæng ríkisvaldsins. Við þurfum einnig betri heilsugæslu og menntamál, að hluta til í einkarekstri, en þó í sátt og samlyndi við landsmenn. Eins þurfum við nýja stjórnarskrá og betri auk þess sem ég vil sjá betra forsetaembætti. Lækka þarf skatta, auka gegnsæi í stjórnsýslunni, fækka embættismönnum og hafa þá betri.“

Á Texasborgurum á Grandagarði munu liggja umsóknareyðublöð fyrir þá sem vilja ganga í flokkinn og sömuleiðis listi til stuðnings framboðinu. „Það eru allir velkomnir á Texasborgara til að kynna sér framboð og fá sér Betri borgara, Texasostborgara með frönskum, á 500 krónur.

Styðjum Magga á þing!

**Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Magnús Ingi á þing, á Twitter, Intstagram og Snapchat.**

## BETRI BORGARAR

Betri borgari, Texasostborgari með frönskum, á **500 krónur**. Athugið að þetta tilboð er eingöngu til að borða á staðnum. Ekki til að taka með.



**Magnús Ingi býður alla velkomna á Texasborgara til að kynna sér framboð hans og bragða Betri borgara.** MYND/EYÞÓR

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR
FRÉTTIRNAR
Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.
365 FRÉTTASTOFA



Vertu vinur á Facebook
ÚTSÖLUFJÖR
50%-60%
AFSLÁTTUR
GLÆSILEGIR FRAKKAR OG KÁPUR
GERRY WEBER
TAIFUN - BETTY BARCLAY
GÆÐA DÖMUFATNAÐUR
Skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



# FAGURT GALAÐI FUGLINN SÁ

Í hádeginu á hverjum miðvikudegi streyma fagrir kórtónar um hvelfingar Hallgrímskirkju þegar kammerkórinn Scola cantorum flytur sígild íslensk kórlög og fallega sálma fyrir þá sem leggja leið sína um Skólavörðuholtið í hádeginu.

Í sumar hefur verið hægt að nýta hádegið í miðri viku til að næra sálina ekki síður en líkamann. Schola cantorum, hinn hljómtæri kammerkór Hallgrímskirkju, hefur haldið tónleika í allt sumar í hádeginu á miðvikudögum þar sem fluttar eru sígildar kórtónsmíðar á borð við hið ástsæla Heyr himnasmiður eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem öðlaðist heimsfrægð þegar sálmurinn sló í gegn á YouTube í flutningi Árstíða og þjóðlög eins og Undir bláum sólarsali þar sem fjallað er um merkilegasta fugl landsins sem hafði aðsetur í Sauðlauksdal og galaði svo fagurlega að fólk flykktist að úr nærsveitum og víðar til að hlýða á hann.

Schola cantorum fagnar 20 ára afmæli sínu í ár og hefur frá upphafi hlotið mikla athygli fyrir fágaðan og tæran söng og færni í flutningi ólíkra tegunda tónlistar. Kórinn hefur unnið til verðlauna í erlendum keppnum og komið fram á tónleikum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Ítalíu, Spáni, Þýskalandi, Frakklandi, Japan og Sviss. Hann var útnefndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar 2006, tilnefndur til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2007 og Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013. Kórinn hefur frá upphafi leikið mikilvægt hlutverk í íslensku tónlistarlífi og frumflutt verk eftir fjölda íslenskra tónskálda auk þess að flytja tónlist allra stíltímabila með og án hljóðfæraundirleiks, m.a. í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Alþjóðlegu barokksveitina í Den Haag, Björk, Sigur Rós o.fl.

Kórinn hefur þegið boð um að koma fram á Green Umbrella tónlistarhátíðinni í Los Angeles í apríl 2017 en af öðrum stórum verkefnum fram undan er flutningur á Sálumessu eftir Sigurð Sævarsson (frumflutningur), Requiem eftir A. Schnittke í nóvember nk. og Jólaóratórían eftir J.S. Bach 29. og 30. desember ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag og einsöngvurum úr röðum kórsins. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.

Aðsókn að hádegistónleikum kórsins í sumar hefur verið afar góð, enda margur ferðalangurinn sem hefur áhuga á að kynnast íslenskri kórmúsík og njóta hins einstaka hljómburðar kirkjunnar. Hanagalið verður að sjálfsögðu á sínum stað í hádeginu í dag og kórinn býður bæði íslenskum og erlendum gestum upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 12. Aðgöngumiðar eru seldir klukkustund fyrir tónleika í anddyri kirkjunnar og kosta kr. 2.500. Tilvalið að grípa sér eitthvað fljótlegt að snæða og nýta svo hádegið í annarsheims kórupplifun sem endurnærir bæði sál og líkama. **brynhildur@365.is**



**Hinn hljómfagri kór Scola cantorum flytur íslensk þjóðlög og sálma í Hallgrímskirkju í hádeginu alla miðvikudaga í sumar.**






Úlpur í stærðunum 36-56 á FRÁBÆRU tilboðsverði eða aðeins 8.990kr!
Tilboðið gildir til og með laugardeginum 30.ágúst
NÝ SENDING!
Útsölulok og úlpur á frábæru tilboðsverði
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA 4.990kr st. S-XXXL
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
Einnig til í silfur gráu og svörtu!
JAKKI 16.990kr st. 36-56
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
PEYSA 4.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 8.990kr st. 42-56
Einnig til í svörtu og rauðu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. S-XXL
30% afsláttur af öllum úlpum fram að verslunarmanna-helgi!
Með hettu - Einnig til í stein gráu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. 42-56
Einnig til í silfur gráu og svörtu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. 42-56
Einnig til í silfur gráu!
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 8.990 st. 36-56
ÚTSÖLULOK
Allar útsöluvörur á verðbilinu 500kr til 5.000kr!
Gerðu ótrúlega góð kaup á síðustu dögum útsölunnar
Útsölunni lýkur þriðjudaginn 3.ágúst
Það verður FRÁBÆR götu-markaðsstemning í ZikZak Kringlunni næstu daga!
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314









Náttúrulaugar eru þó nokkrar á landinu og gott að geta bleytt í sér í einni slíkri eins og Gvendarlaug í Bjarnarfirði.

# SUMARSÆLA HEIMA

Sumarið á Íslandi er að mörgu leyti einstakt og ýmislegt hægt að upplifa og sjá hér sem ekki er unnt annars staðar í heiminum. Hér er að finna nokkrar hugmyndir um hvernig verja má sumarfríinu á Íslandi.

Það er gaman að gerast ferðamaður í eigin heimalandi og skoða hvað fallega landið okkar hefur upp á að bjóða. Hér er búið að setja saman lista yfir það sem meðal annars er vert að upplifa í sumarfríinu. Tillögurnar eru ólíkar og fela í sér spennu, afslöppun, skemmtun, styttri og lengri ferðalög, ókeypis afþreyingu sem og kostnaðarsamari upplifun.

### HÁLENDIÐ KANNAÐ

Sumir vegir og slóðar inn á hálendið eru bara opnir yfir hásumarið og því um að gera að nota tækifærið og fara þangað þegar færi gefst. Umhverfið og náttúran eru vel þess virði að leggja á sig ferðalagið. Margir vinsælir áfangastaðir eru þar, svo sem Landmannalaugar, Kerlingarfjöll og leiðin um Kjöl. Að sjálfsögðu er svo tilvalið að nýta tækifærið og fara í göngur um hálendið, til dæmis ganga Laugaveginn á milli Landmannalauga og Þórsmerkur eða Fimmvörðuhálsinn sem er gönguleið á milli Skóga og Þórsmerkur.

### ÝMISS KONAR JÖKLAFERÐIR

Að standa á jökli á íslensku sumarkvöldi er ólýsanleg upplifun. Fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja býður upp á hvers kyns ferðir á hina ýmsu jökla. Bæði dagsferðir og lengri ferðir, göngur, vélsleðaferðir, snjóbílaferðir og ýmislegt fleira.

### BLEYTT Í SÉR

Sundlaugar á Íslandi eru nánast óteljandi svo ekki sé talað um náttúrulaugarnar líka. Það er gott að láta líða úr sér eftir langan dag eða bara að busla með krökkunum í sól og sundi. Einnig er tilvalið að heimsækja einhverja heita náttúrulaug ef leið liggur nærri henni, til dæmis þá í Landmannalaugum, Landbrotalaug á sunnanverðu Snæfellsnesi eða Strútslaug norður af Mýrdalsjökli. Svo er að sjálfsögðu skemmtileg tilbreyting að skella sér í sjósund og tilvalið að gera það í Nauthólsvíkinni þar sem er sturtuaðstaða og búningsklefar auk þess sem þar er heitur pottur sem gott að hlýja sér í eftir sjóferðina.



Það er gaman að koma í Landmannalaugar. Þar er stórbrotið landslag og mikil náttúrufegurð. MYND/VILHELM



Það er alltaf skemmtilegt að skreppa í dagsferð á Þingvelli og ekki er verra að taka allan Gullna hringinn. MYND/PJETUR

### FULLT AF BÆJARHÁTÍÐUM

Hverja einustu helgi í sumar má gera sér glaðan dag á einhverri bæjarhátíðinni en þær eru haldnar víða um land. Til dæmis má gæða sér á fiskisúpu, hlusta á þungarokk, skoða blóm og bíla, drekka í sig írska, franska eða danska menningu og ótrúlega margt fleira.

### GULLNI HRINGURINN

Það er tilvalin dagsferð að kíkja á frægustu kennileiti Íslands, Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Þau eru ekki bara merkileg að sjá fyrir útlenda ferðamenn heldur líka okkur hin sem höfum kannski ekki séð þau sjálf með berum augum í mörg ár.

### GRÆN SVÆÐI BORGARINNAR

Útivistarsvæði í og við höfuðborgina eru fjölmörg og þar má finna sér ýmislegt til dundurs. Í Elliðaárdal, Heiðmörk, Laugardal, Öskjuhlíð, á Klambratúni og á fleiri stöðum er hægt að skokka, hjóla, borða nesti, skoða fugla, hlaupa með flugdreka, grilla, fara í fótbolta og annað það sem fólki dettur í hug. liljab@365.is

# Nýjar haustvörur



Peysa
verð 14.990 kr.



Peysa
verð 14.990 kr.



Peysukápa
verð 14.990 kr.



Peysa verð 9.990 kr.
Toppur verð 9.990 kr.



Túnika
verð 12.990 kr.



Túnika
verð 5.990 kr.



Peysa
verð 14.990 kr.



Túnika
verð 6.990 kr.



Peysa
verð 14.990 kr.

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



BMW X5 3.0is. Árgerð 2007, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. leður,toppluga,ofl TILBOÐ 3.490.000. STG.Rnr.230986.BILAMARKADURINN.IS 5671800



ÓNOTAÐ PALOMINO Yearling iy-4102. Árgerð 2014, sólarsella,cd,truma miðstöð ofl.Verð 1.990.000. Rnr.108781. bilamarkadurinn.is 5671800



SSANGYONG Musso 2.9 diesel. Árgerð 2001, ekinn 229 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.mikið endurnyjaður, gott eintak Verð 590.000. Rnr.233274. BILAMARKADURINN.IS 5671800

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



HÚSBILL LAND ROVER defender . Árgerð 1995, ekinn 70 Þ.KM, dísel, 5 gírar.lækað Verð 1.490.000. Rnr.233297.BILAMARKADURINN.IS 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**


**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar


SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.**
Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100 bílar.is bílasala



Nissan Leaf Tekna, 9/2015, óekinn og ónotaður bíll, leðuráklæði, bakkmyndavél 360 gráður, bose hljómkerfi ogfl, tilboðsverð 3.490 þús, er á staðnum, raðnr 152307.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

Bílás Bílasala Akranes



Fiat Ducato húsbíll - árgerð 1999 - ekinn 123.000 km. Gott eintak og snyrtilega umgengin. Markísa, hjólagrind, sólarsella og nýir rafgeymar. Gott eintak sem fæst á góðu verði. Ásett 2.690.000 kr. Nánari upplýsingar gefur Bílás, Bílasala Akranes í síma 863 2622 / 431 2622

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**


**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


NETBÍLAR
www.netbilar.is



NISSAN Leaf tekna. Árgerð 2013, ekinn 20 Þ.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.214280.Útborgun frá 279.000.- www.netbilar.is s: 588-5300



RENAULT Megane coupe. Árgerð 2006, ekinn AÐEINS 79 Þ.KM. Ssk. Verð 890þús. Rnr.212920.

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á





**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 390ÞÚS !**
Peugeot 206SW árg. 2003 ek. 143þús sk. '17 fínn bíll sem eyðir litlu. Ásett verð 490þús tilboð 390þús. 100% lán í boði s.841 8955



FORD - ESCAPE V6 All wheel drive Árg 2008 Ekinn 123.000 km Nýskoðaður athugasemdalaust Nýtt í bremsum Toppeintak Verð 2.090.000-kr Uppl í síma 7792416

Seldur.is

**KAUPUM BÍLINN ÞINN STRAX !!! HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur uppl. á Seldur.is og við sendum þér tilboð !!



Land Cruiser 150 GX. ekinn 130 þús/km. Árg. 2011. Verð, 6.150.000 Sími 660 8107



Benz C 200 árg. 2008. 86.000 km. Glerþak, Harman Kardon ofl. 3.400 þ. Uppl. 8244790



**DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !**
VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 51. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.580.000,- Uppl. í s. 8223322

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Fellihýsi



Fellihjólhýsi TRAIL MANOR 2720 SL, 2000, amerískt mjög rúmgot (27 fet uppsett) og hlaðið aukabúnaði, sjá augl.á WWW.bland.is ("fellihýsi") og í s. 860 2130. Verðhugm. 650 þús.

## Lyftarar




## Bátar



Nimbus 320 Coupé til sölu
Axel Sveinsson 7550. Með haffæri og nýskoðaður
Upplýsingar í síma 0047 92277655




## Varahlutir




# PJÓNUSTA

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur f. húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Útsala stórar plöntur. Veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

Nudd. Slökunar og heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 853 3059

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstök upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við ökutökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði fyrir snyrtilegan iðnað. 0-20fm Uppl. í s. 696 0316

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir vélstjóra á 80 tonna netabát, sem rær frá Suðurnesjum. Einnig vantar háseta á 200 tonna bát. Uppl. í s. 892 5522

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Óska eftir reglusömum starfskrafti í hestaleigu í sumar og jafnvel framtíðarvinna fyrir réttan aðila. Þarf að geta byrjað strax og vanur hestum. Húsnæði og fæði er í boði. Uppl. í síma 616 1569.

Skalli
*sá svalasti í bænum*

**SKALLI ÖGURHVARFI**
Við hjá Skalla Ögurhvarfi leitum að duglegri manneskju til að bæta í hópinn okkar. Alla virka daga frá 9-17. Endilega sendu okkur ferilskránna þína á atli87jons@gmail.com

Skalli Ögurhvarfi poszukuje pracownika do obslugi klienta. Praca w godzinach 9-17 od poniedzialku do piatku. Wymagany jezyk angielski i islandzki w stopniu komunikatywnym. Bardzo mila atmosfera pracy. Zainteresowanych prosimy o kontakt pod adres meilowy atli87jons@gmail.com

115 SECURITY

**ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA**
Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-20 ára lágmarksaldur

-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is
Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115
www.115.is




## markaður




## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## tilkynningar

# Auglýsing um breytingar á skipulagi í Kópavogi

## Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

**Smárinn vestan Reykjanesbrautar.**

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 7. júní 2016 að kynna í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Tillagan er sett fram í greinargerð dags. 10. maí 2016 þar sem m.a. kemur fram að á svæðinu sunnan Smáralindar, á svæðum M-3 og M-4 (ÞR-5) verði 620 íbúðir í stað 500 íbúða. Þrátt fyrir fjölgun íbúða er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á fjölda byggðra fermetra íbúðarhúsnæðis á svæðinu. Tillögunni fylgir jafnframt minnisblað VSÓ dags. 24. júní 2016 þar sem m.a. kemur fram að umrædd fjölgun íbúða á svæðinu muni hafa óveruleg áhrif á umferð í kringum skipulagssvæðið. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Breyting á deiliskipulagi.

**Smárinn vestan Reykjanesbrautar.**

Í samræmi við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Kópavogs var á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 28. júní 2016 samþykkt að kynna breytingu á deiliskipulagi Smárans vestan Reykjanesbrautar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nánar tiltekið afmarkast deilskipulagssvæðið af Smárahvammsvegi í vestur, Fífuhvammsvegi í norður, Reykjanesbraut í austur og Hæðasmára í suður. Í breytingunni felst að íbúðum á svæðinu er fjölgað úr 500 í 620 íbúðir. Nýtingarhlutfall helst óbreytt sem og krafa um fjölda bílastæða á íbúð þ.e. 1,0-1,2. Bílastæðum mun því fjölga samsvarandi fjölgun íbúða. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, skipulagsskilmálum og skýringarmyndum dags. 23. júní 2016. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur; tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að breyttu deiliskipulagi eru kynntar samtímis og eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar í Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

Jafnframt er boðað til kynningarfundar á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs fimmtudaginn 1. september 2016 kl. 16:30 að Fannborg 6 þar sem tillögurnar verða kynntar.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en fimmtudaginn 15. september 2016.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## atvinna

**Vísir hf óskar eftir vélavörð til afleysinga 1 túr í byrjun ágúst á Pál Jónsson GK 7**

**sem veiðir með línu. Einnig vantar vanan háseta til framtíðar.**

Upplýsingar gefur skipstjóri í síma: 856 5765.

VÍSIR

## fasteignir

**RAUÐAGERÐI 30 A – 108 RVK**




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 27.JÚLÍ KL.17:30-18:00**

Vel skipulagt og fjölskylduvænt tvílyft parhús miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Eignin er skráð 217.1 fm hjá FMR og að auki er manngengt háaloft yfir hluta eignar ca. 30 fm sem ekki er skráð í fermetratölu. Á síðasta ári var sett upp nýtt vandað eldhús í eign og skipt um gólfefni á efri hæð, lögð hitalögn í eldhús og stofurými. Gróin garður og miklar verandir í kringum hús. **Möguleg að stúka af hluta neðri hæðar fyrir 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.**

**Sveinn Eyland lögg.fasteignasali s.6900.820 á staðnum**



**Sveinn**
Löggiltur fasteignasali.
S. 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is







*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS JU 17 567




**Bifreiðaskoðanir**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Í dag er áfram útlit fyrir bjartviðri og nokkur hlýindi á suðvestanverðu landinu. Austan- og norðanlands er ekki sama blíðan, þó vindur sé yfirleitt hægur er skýjað og súld eða þokuloft, en úrkomulítið á Norður- og Norðvesturlandi. Hiti allt að 22 stig, hlýjast suðvestanlands en svalast um 10 gráður nyrst á landinu.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 8° | 6° |
| 9 | 7 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 14° | 6° |
| 8 | 5 | 10 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 5° | 6° |
| 7 | 5 | 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 15° | 5° |
| 8 | 2 | 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. skammstöfun
8. klæðalaus
9. hljóð rjúpunar
11. tveir eins
12. gengi
14. háð
16. drykkur
17. bar
18. kjáni
20. persónufornafn
21. kvenflík

**LÓÐRÉTT**
1. starf
3. í röð
4. ávaxtatré
5. dýrahljóð
7. holdýr
10. blaður
13. kverk
15. rótartauga
16. ósigur
19. þófi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. eh, 8. ber, 9. rop, 11. rr, 12. klíku, 14. spott, 16. te, 17. krá, 18. api, 20. ég, 21. pils.
**LÓÐRÉTT:** 1. verk, 3. áb, 4. perutré, 5. urr, 7. holsepi, 10. píp, 13. kok, 15. tága, 16. tap, 19. il.

### Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.550) átti leik gegn Malte Colpe (2.385) í Xtracon-mótinu í Danmörku.

**30. Df4! Dxh3+ 31. Kg1 Hb7** (hrókurinn á engan reit) **32. Hh2** 1-0. Íslenskir skákmenn tefla töluvert erlendis í sumar. Oliver Aron Jóhannesson gerði sér lítið fyrir og vann stórmeistarann Jansa á opna tékkneska mótinu.

**www.skak.is:** Ól undir 16 ára.

**Hvítar á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | | 6 | 7 | |
| 3 | 4 | 5 | | 7 | | | 9 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 1 | | |
| 4 | 2 | | 1 | | 5 | | | |
| 5 | | 7 | | | | 3 | | |
| | | | | 8 | | | | 4 |
| 1 | | | 4 | 3 | | 7 | 5 | |
| 7 | | 4 | | | 8 | 2 | 1 | |
| | | | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 4 | | | 8 | 6 | |
| 4 | | 2 | 9 | | 8 | | 3 | |
| | 8 | | | | 7 | | | |
| | | 1 | 6 | | | | 5 | |
| 5 | 4 | | | | 9 | | | |
| | | | | 1 | | | 7 | 6 |
| | 6 | | 3 | 9 | | 5 | | |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| | | 3 | | | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | 9 | | | |
| | | 8 | 4 | 6 | | | | |
| | 7 | | 2 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | 8 | | 1 |
| 8 | | 5 | | | | 7 | 4 | |
| 2 | | | | 1 | | 3 | | |
| 9 | | | 7 | | | | | 8 |
| 5 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | | 3 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| w | 7 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 8 | 6 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 2 | 6 | 5 | 4 | 9 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 7 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval

-30% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# LAGER HREINSUN
á sumarvörum

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆ

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



## Enn meiri verðlækkun

Garðálfar 50% afsláttur • Útipottar 30% afsláttur • Birki í pottum 70% afsláttur
Garðplöntur, tré, runnar, fjölærar plöntur, rósir og sumarblóm 50% afsláttur
Bensín sláttuvélar 25% afsláttur • Rafmagnssláttuvélar 30% afsláttur
Garðverkfæri 30% afsláttur • Hekkklippur 35% afsláttur • Keðjusagir 35% afsláttur
Úðarar og slönguhjól 35% afsláttur • Mosatætarar 35% afsláttur
Garðhúsgögn 30% afsláttur • Tjaldstólar og tjaldborð 40-50% afsláttur • Sessur 40% afsláttur
Kælibox 40% afsláttur • Tjöld 40% afsláttur • Vindsæng og svefnpokar 40% afsláttur
Vatnsbrúsar 40% afsláttur • Grillláhöld 30% afsláttur • Leikföng 40% afsláttur



## FERÐAVÖRUR Á LAGERHREINSUN
40-50% afsláttur



Byggjum á betra verði

www.husa.is

*Gildir ekki af tilboðum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar". Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslanna.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝBAKAÐ!
198
kr. stk.
Bónus Ostaslaufa
120 g
NÝBAKAÐ!
359
kr. 4 stk.
Bónus
Kjallarabollur
með osti, 4 stk.
NÝBAKAÐ!
259
kr. 4 stk.
Bónus Kringlur
4 stk.
NÝBAKAÐ OG ILMANDI
BAKKELSI
Á HVERJUM DEGI Í BÓNUS
98
kr. 40 g
Pringles Snakk
40 g
398
kr. stk.
Myllu Möndlukaka
420 g
109
kr. 5 stk.
Bónus Flatkökur
170 g, 5 stk.
2.998
kr. kg
Bónus Hangiálegg
LÁGT VERÐ ALLA DAGA
98
kr. 145 g
Maryland Kex
145 g, 4 tegundir
Orkudrykkur
Líka til sykurlaus
59
kr. 250 ml
ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.
179
kr. 591 ml
Powerade Zero
591 ml, 3 teg.
0,5L
98
kr. 500 ml
Pepsi, 500 ml
Pepsi Max, 500 ml
259
kr. 250 g
Sykurpúðar
250 g
TÍMI TIL AÐ
GRILLA
4stk bakkar
198
kr. 4 stk.
Heima Grillbakkar
4 stk.
298
kr. stk.
Heima Einnota Grill
600 g
398
kr. 1 l
Heima Uppkveikilögur
1 lítri
3,5kg
698
kr. 3,5 kg
Royal Oak Grillkol
3,5 kg

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1. FLOKKUR

**1.598** kr. kg
**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Úrbeinaðar, kryddaðar

**1.298** kr. kg
**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

**2.598** kr. kg
**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

**2.598** kr. kg
**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar

# BIRGJUM OKKUR UPP Í BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g

**579** kr. 2x140 g

**598** kr. 4x80 g

**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

**95** kr. 200 g
**ES Steiktur Laukur**
200 g

KJARNAFÆÐI
LAMBALÆRI MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM

**98** kr. 2 stk.
**Myllan Hamborgarabrauð**
Fín og skorin, 2 stk.

**1.498** kr. kg
**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri, ferskt

**198** kr. 500 ml
**Heinz Tómatsósa**
500 ml - 570 g

**198** kr. 510 ml
**Hunt's BBQ sósur**
510 ml, 3 teg.

**698** kr. kg
**KS Lambasúpukjöt**
Frosið

**298** kr. pk.
**Toro Íslensk Kjötsúpa**
60 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Verð bara að ganga í verk **Guðs almáttugs**

**Vala Kristín Eiríksdóttir leikkona bregður sér í hlutverk trúðsins Aðalheiðar og leiðir áhorfendur gegnum sköpunarsögu heimsins í gamanleiknum Genesis sem frumsýndur verður í Frystiklefanum á Rifi 31. júlí.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Nú er sköpunarverkið allt að smella saman. Kári á stóran hlut í því en það er samt mitt hugarfóstur,“ segir Vala Kristín Eiríksdóttir um gamanleikinn Genesis sem hún frumsýnir í Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi 31. júlí í leikstjórn Kára Viðarssonar. Leikritið er byggt á sjálfri sköpunarsögu Biblíunnar svo þau Vala og Kári eru ekkert að fást við fánýtt efni.

Vala Kristín útskrifaðist úr leiklistinni í fyrravor og hefur síðan leikið í Ati, Njálu og Mamma Mia! í Borgarleikhúsinu. Hún er líka meðhöfundur og leikkona sketsaþáttanna Þær tvær hjá Stöð 2. Hún segir hugmyndina að verkinu Genesis hafa kviknað í Leiklistarskóla Íslands eftir að hún lærði þar trúðatækni. „Ég notaði þennan efnivið í tveimur lokaverkefnum og prófaði mig áfram með áhorfendum, til að rannsaka efnið og átta mig á hvert ég gæti farið með það. Þetta er ekki frumleg hugmynd að því leyti að ég var búin að sjá geggjaðar trúðasýningar í Borgarleikhúsinu áður en ég lærði trúðinn, annars vegar Dauðasyndirnar og hins vegar Jesú litla og ég heillaðist af því að trúður gæti sagt svona stórar sögur á svona einfaldan hátt.“

Mikil samvinna var meðal nemenda í trúðasýningum leiklistarskólans að sögn Völu Kristínar en eftir útskrift segir hún ekki hlaupið að því að ná í fólk í sýningar. „Að ég skuli gera þetta ein rímar líka svolítið vel við það að Guð var einn að búa allt til, samkvæmt sköpunarsögunni, og það væri í raun ósanngjarnt ef ég hefði einhvern til að hjálpa mér. Þannig að ég verð bara að ganga í hlutverk Guðs almáttugs og geri það.“



Vala Kristín segir Kára hafa stungið upp á að þau framleiddu þessa sýningu í Frystiklefanum svo allt sé þetta eiginlega honum að kenna! FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**ÉG HEILLAÐIST AF ÞVÍ AÐ TRÚÐUR GÆTI SAGT SVONA STÓRAR SÖGUR Á SVONA EINFALDAN HÁTT.**

Lærifaðir Völu Kristínar í trúðatækninni er Argentínumaðurinn Rafael Bianciotto sem hefur búið mestalla ævi í Frakklandi. „Rafael var leikstjóri Dauðasyndanna og Sókratesar í Borgarleikhúsinu og er svolítið guðfaðir trúðatækninnar hér á landi. Hann hefur verið mér innan handar í mínum pælingum,“ upplýsir Vala.

Kári lærði leiklist við Rose Bruford College í London. Nýútskrifaður þaðan vorið 2009 stofnaði hann leikhúsið Frystiklefann, ásamt hosteli, á Rifi og sýningar hans hafa vakið athygli.

Vala Kristín kveðst fyrst hafa komið vestur á Rif með leikhópnum Improw Iceland og fallið fyrir Frystiklefanum og staðnum. „Ég fékk að vera hér í fyrrasumar og þá endurheimsótti ég sköpunarsöguna, sagði Kára frá henni og spann um efnið fyrir framan hann. Það uppátæki vatt upp á sig þannig að hann stakk upp á að við myndum framleiða þessa sýningu í Frystiklefanum, svo allt er þetta eiginlega honum að kenna!“

Auk frumsýningarinnar á sunnudaginn verða fimm sýningar á gamanleiknum Genesis, sú síðasta 21. ágúst. Miðar eru pantaðir á thefreezerhostel.com.

## Lengi lifi fjölbreytnin

**LEIKHÚS**

**Litaland**

**Leikhópurinn Lotta**

★★★☆☆

**Leikhópurinn:** Andrea Ösp Karlsdóttir, Anna Bergljót Thorarensen, Baldur Ragnarsson, Björn Thorarensen, Rósa Ásgeirsdóttir, Sigsteinn Sigurbergsson og Stefán Benedikt Vilhelmsson
**Leikskáld:** Anna Bergljót Thorarensen
**Leikstjórn:** Stefán Benedikt Vilhelmsson
**Söngtextar:** Baldur Ragnarsson og Sævar Sigurgeirsson
**Lög:** Baldur Ragnarsson, Björn Thorarensen og Rósa Ásgeirsdóttir
**Búninga- og grímuhönnun:** Kristína R. Berman
**Leikmyndahönnun:** Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir
**Danshöfundur:** Berglind Ýr Karlsdóttir

Leikhópurinn Lotta fagnar tíu ára afmæli á þessu ári og vert er að hrósa hópnum sérstaklega fyrir að búa til sýningar fyrir okkar yngstu leikhúsáhorfendur. Sýningum fyrir börn hefur farið fækkandi með árunum en hvert sumar taka meðlimir leikhópsins sig til og túra um landið, ávallt með nýja sýningu í pokahorninu. Litaland er fyrsta sýning þeirra sem ekki er byggð á þekktri sögu en áður hafa þau tekið fyrir Hróa hött og Gilitrutt svo eitthvað sé nefnt. Á höfuðborgarsvæðinu fer sýningin fram í lítilli laut í Elliðaárdalnum en eins og áður var nefnt fer hópurinn reglulega í leikferðir út á landsbyggðina.

Í Litalandi búa þrír ættbálkar: Gulverjar, Bláungar og Rauðingjar, hver í sínum landshluta og nánast engin samskipti eru á milli þeirra. En ástir og náttúruhamfarir verða þess valdandi að heimsmynd litanna umturnast, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Hugmyndaheimur leikskáldsins Önnu Bergljótar Thorarensen er metnaðarfullur með fallegan kjarna en hún reynir að koma alltof mörgum sögum fyrir í klukkutíma löngu verki. Orðfærið er oft á tíðum hið undarlegasta og flúraður talsmáti bæði Gulverja og Bláunga verður fljótlega leiðigjarn. Gerðar eru allmargar tilraunir til að skjóta bröndurum til þeirra sem eldri eru sem er þakklátt þegar þeir hitta í mark en margir þeirra falla flatir eða eru hreinlega taktlausir.

En þrátt fyrir vankanta á handritinu er sögunni af Litalandi alls ekki lokið. Söngtextar þeirra Baldurs Ragnarssonar og Sævars Sigurgeirssonar eru smellnir og faglega samdir, þrátt fyrir eina vísun í hreinsunareld sem er gjörsamlega óviðeigandi. Sýningin lifnar við á meðan á söngatriðunum stendur, þau mættu hreinlega vera fleiri og samtölin hressilega stytt á móti. Leikhópurinn vinnur vel saman, búningaskipti eru hröð og glensið fjörugt. Persónusköpun leikaranna er nokkuð góð en orkustigið mætti vera hærra.



Hluti af Leikhópnum Lottu í hinni glaðværu sýningu Litalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæði leikstjórinn Stefán Benedikt Vilhelmsson og danshöfundurinn Berglind Ýr Karlsdóttir notast við aðferðir og stef úr látbragðsleikjum en herslumuninn vantar til að hugmyndirnar gangi fyllilega upp. Í byrjun sýningar og að henni lokinni geta litlu leikhúsgestirnir fengið að hitta verurnar úr Litalandi sem skoppa um hinar hressustu en á meðan á sýningunni stendur myndast gjá þar á milli. Pláss er í sýningunni fyrir miklu meiri þátttöku áhorfenda. Sviðshreyfingarnar eru fjölbreyttar og virka ágætlega, danshönnun einnig. Litadýrðin og gleðin ná hámarki á þessum augnablikum, í bland við söngatriðin.

Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir hanna leikmyndina en hún er einstaklega vel heppnuð og úthugsuð en leikhópurinn mætti nota hana aðeins betur. Í sýningum sem haldnar eru úti við er oftar en ekki barist við að halda fókus áhorfenda og Litaland dofnar aðeins þar sem upphækkun skorti. Litaland er farandsýning í ætt við ítölsku Commedia dell'arte hefðina þar sem grímur gegna stóru hlutverki en búninga- og grímuhönnun Kristínu R. Berman er hugvitssamleg og litskrúðug eins og til má ætlast.

Leikhópurinn Lotta á heiður skilið fyrir mikla og góða vinnu síðasta áratuginn. Þau takmarka sig ekki við höfuðborgarsvæðið heldur þeysast um landið þvert og endilangt til að gleðja okkar yngstu leikhúsaðdáendur. Vert er að nefna að leikhúsgestir eru hvattir til að muna eftir grámyglu íslenska sumarsins og vera við öllu búnir hvað varðar útivistarfatnað. Þó er synd að þessi tiltekna sýning nái ekki alveg að vera sannfærandi þó litrík sé og á köflum bráðskemmtileg. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Litríkur en linkulegur látbragðsleikur fyrir börn á öllum aldri.

# PIZZUVEISLA!

*Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.*
*Gildir um allar pizzur*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



Sönghópurinn Olga í víkingaham er um þessar mundir á söngferð um landið.

# Hrár söngur þurfti fágun

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**

★★★☆☆

**Sönghópurinn Olga flutti lög frá löndum Víkinganna**

**Aðventkirkjan í Reykjavík**

Fimmtudaginn 21. júlí

Víkingar sem syngja klassískt án undirleiks eru engir berserkir sem öskra villimannslega. Þeir eru miklu frekar eins og karlmenn í sokkabuxum, ef nota má þá samlíkingu. Ekki hetjutenórar og sterabaularar, heldur fínlegir söngvarar sem eru viðkvæmir og brothættir.

Geisladiskur sem ber nafnið Vikings kom út fyrir skemmstu. Á honum er að finna flutning Sönghópsins Olgu á lögum sem tengjast löndum víkinganna. Sönghópurinn samanstendur af fimm karlmönnum, þar af tveimur Íslendingum. Til að fagna útgáfu disksins er hópurinn nú í stuttri tónleikaferð um landið. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir í Aðventkirkjunni á fimmtudaginn var.

Aðalsmerki Olgu er fjörleg sviðsframkoma. Brandarar fljúga, bæði í kynningum á dagskránni og í flutningnum sjálfum. Sumir brandararnir eru þó orðnir nokkuð þreyttir. Þegar undirritaður heyrði Olgu fyrst fyrir tveimur árum var mikið gert úr því að láta útlendingana kynna dagskráratriðin á íslensku. Það var fyndið fyrst, en þegar það er gert aftur og aftur hættir maður að hlæja. Sumt sem er sagt er beinlínis erfitt að skilja, sem getur verið ergilegt.

Olga var með reglulega fína tónleika í fyrra, og í samanburðinum olli frammistaðan nú nokkrum vonbrigðum. Fimm manna sönghópur án undirleiks er ekki auðveld uppröðun. Þetta er í rauninni agnarsmár kór, en hver rödd heyrist greinilega. Það er ekki hægt að fela sig í fjöldanum eða á bak við undirleikinn. Mjög lítið þarf til að heildarhljómurinn bjagist. Einmitt það gerðist alltof oft á tónleikunum. Allskonar smáatriði hljóma og undirradda voru ekki nægilega vel útfærð. Tónahendingar sem hefðu átt að heyrast almennilega voru óskýrar, hljómar voru gjarnan ófókuseraðir. Tenórarnir Bjarni Guðmundsson og Jonathan Ploeg voru ekki alltaf hreinir og einsöngsstrófur barítónsins Gulian van Nierop voru á köflum ónákvæmar. Bassabarítóninn Pétur Oddbergur Heimisson og bassinn Philip Barkhudarov voru yfirleitt betri, en helst mátti finna að dýpstu tónunum sem voru stundum loðnir.

Mögulega má skrifa þessar misfellur á taugaóstyrk. Þetta voru fyrstu tónleikar í ferðalaginu, og oft þarf að koma fram með sömu dagskrána nokkrum sinnum áður en hún er orðin þokkalega örugg.

Segjast verður eins og er að söngurinn lagaðist smám saman eftir því sem leið á kvöldið. Síðustu lögin, eistneska ljóðið Meeste laul, írska ljóðið Dúlamán og Pseudoyoik eftir Jaakko Mäntyjärvi voru glæsilega flutt. Hvað sem kvarta má yfir tæknilegum hlutum fyrr á efnisskránni, þá var túlkunin a.m.k. full af fjöri og gleði sem var smitandi. Það skiptir ekki litlu máli. Miðað við frammistöðuna í fyrra og í lok tónleikanna núna þá er óhætt að fullyrða að Olga getur þetta, hún þarf bara aðeins meiri aga.

Aðventkirkjan er yfirleitt ekki notuð fyrir tónleika. Undirritaður man ekki eftir að hafa farið þangað í slíkum tilgangi áður. Hljómburðurinn er ekki til að styðja við samsöng án undirleiks, hann er of þurr. Undarlegt má teljast að kirkjan hafi orðið fyrir valinu. Margar kirkjur í Reykjavík eru miklu heppilegri fyrir svona tónlistarflutning. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Olga er efnilegur sönghópur sem hefði mátt undirbúa tónleika sína betur.







Aðalheiður, Anna Jóa, Hulda og Ragnheiður gáfu sér tíma til að stilla sér upp í Grafíksalnum fyrir myndatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Skólasystur sem nálgast listsköpun hver á sinn hátt

**Sýningin Nálgun verður opnuð í Grafíksalnum við Tryggvagötu á morgun, 28. júlí. Þar sýna fjórar listakonur verk sín – teikningar, olíumálverk, ljósmyndir og skúlptúra.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það eru þær Aðalheiður Valgeirsdóttir, Anna Jóa, Hulda Hrönn Ágústsdóttir og Ragnheiður Guðbjargar Hrafnkelsdóttir sem sameinast um sýninguna Nálgun sem opnuð verður í Grafíksalnum á morgun, 28. júlí. Þær eru skólasystur en svolítið í kross, sumar úr listfræði, aðrar úr heimspeki og allar eru myndlistarmenntaðar.

Hulda sýnir ljósmyndir og verk sem hún ætlaði vissum stað í salnum. Anna Jóa er með teikningar, pappírs- og textaverk og sækir hugmyndir til mynstra í útsaumi og fatnaði, Ragnheiður Guðbjörg leikur sér með textíl og pappír í tveimur gólfverkum og Aðalheiður leitar í nærumhverfi sitt í Biskupstungum í málverkum sínum.

Listakonurnar eru að byrja að máta verkin við salinn þegar blaðamann ber að. Þær segja heiti sýningarinnar, Nálgun, vísa til þess hvernig einstaklingur nálgast listsköpun sína og sýningarrýmið, líka til samtalsins við aðra sýnendur og til þess gjörnings sem samsýning felur í sér.

Anna Jóa og Aðalheiður starfa sem listfræðingar og sýningarstjórar. „Því er svolítið skrítið að vera nú í hóp þar sem enginn sýningarstjóri er,“ segir Aðalheiður. „Já, það er áskorun,“ tekur Anna Jóa undir. Allar eru sammála um að samsýningar séu skemmtilegt form, þar sem verkin séu af ólíkum toga og kúnst að finna út hvernig þeim sé best fyrir komið þannig að áhorfandinn njóti þeirra.

**ÞVÍ ER SVOLÍTIÐ SKRÍTIÐ AÐ VERA NÚ Í HÓP ÞAR SEM ENGINN SÝNINGARSTJÓRI ER.**

„Ég var nú á Kjarvalsstöðum nýlega með 27 öðrum,“ segir Anna Jóa og lætur verkefnið ekki vaxa sér í augum. „En þar var líka sýningarstjóri,“ bætir hún svo við og dæsir. Enn segja þær samkomulagið vera gott. „Við ætlum samt að fara að taka pásu og viðra okkur,“ segir Hulda hlæjandi.

Sýningin verður opnuð á morgun klukkan 17 og verður opin fimmtudaga til sunnudaga klukkan 14 til 18 til 14. ágúst. Gengið er inn hafnarmegin og aðgangur er ókeypis.

LYFJA
– Lifið heil

20 ára

# Við erum til staðar fyrir ferðalagið




## Ekki nota hvað sem er...

- Sápur og blautklútar til daglegrar umhirðu á kynfærasvæðinu.




## Cactus

- Mundu eftir Anti-hangover frá Cactus.




## John Frieda 50 ml

- Gæða hárvörurnar frá John Frieda eru tilvaldar í ferðalagið.




## Lóritín




## Sjúkrakassar og töskur

- Með fyrstu hjálp innan seilingar.

## Undirbúðu þig vel!

Það er snjallt að byrja verslunarmannahelgina hjá okkur. Náðu þér í ferðalista Lyfju og hakaðu í boxin.




| Lágmúla<br>Laugavegi<br>Nýbýlavegi | Smáralind<br>Smáratorgi<br>Borgarnesi | Grundarfirði<br>Stykkishólmi<br>Búðardal | Patreksfirði<br>Ísafirði<br>Blönduósi | Hvammstanga<br>Skagaströnd<br>Sauðárkróki | Húsavík<br>Þórshöfn<br>Egilsstöðum | Seyðisfirði<br>Neskaupstað<br>Eskifirði | Reyðarfirði<br>Höfn<br>Laugarási | Selfossi<br>Grindavík<br>Keflavík | Lyfja.is |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|











# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 27. JÚLÍ 2016

### Tónleikar

**Hvað?** Júníus Meyvant, Ylja ásamt fleirum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Bryggjan brugghús býður upp á stórskemmtilega upphitun fyrir Innipúkann sem haldinn verður í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Fram koma Júníus Meyvant, Ylja, Snorri Helgason, Elín Ey og Teitur Magnússon. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Cryptochrome, Mosi Musik og Seint
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Blásið verður til tónlistarveislu í kvöld þegar hljómsveitirnar Mosi Musik og Cryptochrome leiða saman hesta sína í fyrsta sinn á tónleikum. Þessar hljómsveitir hafa báðar vakið mikla athygli fyrir tónlist sína og tónlistarmyndbönd. Tónlistarmaðurinn Seint mun einnig koma fram í kvöld. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Á þessum tónleikum fá áheyrendur að kynnast sígildri íslenskri tónlist. Fluttar verða perlur íslenskra sönglaga, þjóðlaga, sálma og ættjarðarsöngva. Tónleikar í þessari röð eru komnir á fjórða hundrað og hafa verið fastur liður í sumardagskrá Hörpu frá opnun hússins.

**Hvað?** Public Space, Refur og Rosh
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hljómsveitin Public Space heldur sína fyrstu tónleika í Reykjavík í kvöld. Sveitin var stofnuð yfir rauðvínsglasi á Baldursgötu árið 2013 en hefur síðan þá haldið sig í heimahúsum og ekki spilað fyrir almenning fyrr en nú. Tónlistarmennirnir Refur og Rosh munu einnig koma fram í kvöld. Aðgangseyrir er 1.000 kr.



Reykjavíkurdætur verða með DJ set ái Petersensvítunni kl. 20.00 í kvöld. MYND/ANTONÍA

**Hvað?** Boogie Trouble
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft hostel
Boogie Trouble gaf nýverið út plötuna „Í bænum“ og inniheldur hún hvern diskósmellinn á fætur öðrum. Nú fagna þau útgáfunni með gestum á Lofti. Sveitin er þekkt fyrir að draga hvern einasta gest út á dansgólfið í mikilli stemningu. Meðlimir hljómsveitarinnar eru Klara Arnalds, Ingibjörg Turchi, Þorvaldur Ingveldarson, Sindri Freyr Steinsson, Sunna Karen Einarsdóttir og Arnar Birgisson. Öll hafa þau komið víða við í íslensku tónlistarlífi og því má segja að þau séu öll hokin af reynslu. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Plötusnúðurinn og útvarpsmaðurinn Óli Dóri spilar ferska tóna á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Maggi Legó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffibarinn
DJ Maggi þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld. Um að gera að mæta á dansskónum.

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Tónleikaröðin Reykjavík Classics er kærkomin viðbót í menningar- og listalífið í borginni og miðast við að uppfylla vaxandi þörf fyrir menningartengda afþreyingu meðal erlendra ferðamanna, sér í lagi þeirra sem hlýða á klassíska tónlist. Miða er hægt að nálgast á midi.is og kosta þeir 3.500 kr.

**Hvað?** Sumartónleikar Bláu kirkjunnar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bláa kirkjan, Seyðisfirði
Sumartónleikaserían í Bláu kirkjunni er samansett af fjölbreyttu tónlistarfólki og gestum sem spila bæði klassíska tónlist, djass, folk og létta dægurtónlist. Miðar eru seldir við innganginn.

**Hvað?** Sigmar Þór Matthíasson kvartett
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn djassklúbbur, Hörpu
Bassaleikarinn Sigmar Matthíasson útskrifaðist nýlega út tónlistarskólanum The New School for Jazz and Contemporary Music í New York. Þar stundaði hann nám í þrjú ár. Kvartettinn mun aðallega spila djasstónlist en einnig verður hægt að heyra nokkur íslensk folk-lög ásamt frumsömdu efni.

**Hvað?** Hani galar í Hallgrímskirkju
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Sumartónleikar Schola cantorum, kammerkórs Hallgrímskirkju, hafa verið haldnir í hverri viku í allt sumar. Sígildar kórtónsmíðar á borð við Heyr himna smiður, Smávinir fagrir, Undir bláum sólar-

sali er dæmi um kórsmíðar sem á efnisskránni eru. Eftir tónleikana verður gestum boðið upp á kaffi, mola og spjall í safnaðarheimili kirkjunnar. Miðaverð er 2.500 krónur.

## Partí

**Hvað?** Sumarpartí Sólberts og RVKDTR
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Petersen Svítan í Gamla bíói
Þakpartí Sólberts verður haldið í kvöld í Petersen Svítunni. Þar verður boðið upp á ferska drykki og ferska tónleika. RVKDTR verða með DJ set ásamt DJ SUNSURA.

## Fundir

**Hvað?** Almennur félagsfundur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Tortuga, Fiskislóð 31
Á þessum almenna félagsfundi Pírata verða lagðar fram tillögur að breyttri stefnu í vímuefnamálum og almennri stefnu um útlendinga.

**Hvað?** Girls Munch
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tacobarinn, Hverfisgötu 20
Í tilefni góðrar viðtöku á stelpumunch-kvöldunum verður það þriðja haldið í kvöld. Áætlunin er að hafa öruggt rými fyrir konur til þess að koma saman og spjalla í rólegheitum.

## Sýningar

**Hvað?** Artoffline – heimildarmynd / Artoffline – documentary
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Í heimildarmynd myndlistar- og kvikmyndargerðarmannsins Manuels Correa er rætt við heimspekinga, listamenn og sýningarstjóra um samband internetsins og myndlistarinnar. Á dögum þegar við höfum aðgang að allri myndlist heimsins í gegnum netið dvín kannski þörf okkar fyrir að mæta hinu raunverulega myndlistarverki, augliti til auglitis. Spurt er hvaða áhrif það hafi á upplifun okkar af myndlist og hvernig það móti sýningarstefnu safna og sköpun myndlistarmanna. Myndin var frumsýnd á aðlþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Bergen í september og hefur síðan þá verið sýnd á fjölda hátíða. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Icelandic Sagas: The Greatest Hits
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Tveir af frambærilegustu leikurum þjóðarinnar kynna brot af því besta úr Íslendingasögunum klassísku. Stórskemmtileg leiksýning sem er algjör rússíbanareið í gegnum þjóðararf íslensku fornbókmenntanna. Sýningin fer fram á ensku. Miða er hægt að nálgast á midi.is og kosta þeir 4.900 kr.

**Hvað?** Bowie – The Sessions
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Bowie – The Sessions eftir hinn heimsfræga Gavin Evans er nú opin í sýningarsal Hörpu. Sýningin er opin á hverjum degi frá kl. 11.00 til 18.00. Gavin Evans hefur einstakt auga fyrir andlitum. Hann hefur myndað stjörnur á borð við Juliette Binoche, Daniel Craig, Dusty Springfield, Iggy Pop, Björk og Nick Cave. Miða á sýninguna er hægt að nálgast á harpa.is og kosta þeir 1.500 kr.

**Hvað?** Íslenska teiknibókin
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Flói, Hörpu
Íslenska teiknibókin er handrit í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík. Teiknibókin er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu. Miða á sýninguna er hægt að nálgast á harpa.is og kosta þeir 1.500 kr.

**Hvað?** Þögul leiftur
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Þögul leiftur er ljósmyndasýning Vesturfarasetursins en hún var opnuð 13. mars síðastliðinn. Ljósmyndasýningin var þó fyrst opnuð á Hofsósi árið 2003 og er eftir hinn þekkta sagn- og ættfræðing Nelson Gerrard. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum, en sýningin veitir innsýn í andlitsljósmyndun vestanhafs á tímum vesturferða á árunum 1870 til 1910. Miða er hægt að nálgast á harpa.is og kosta þeir 1.500 kr.

**Hvað?** How to become Icelandic in 60 minutes
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Leiksýning sem sýnd er á ensku, samin af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurjóni Sigurjónssyni. Leikarar eru Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason. Sýningin er samblanda af söguleikhúsi og uppistandi þar sem reynt verður að kenna þeim sem sýninguna sækja að verða Íslendingar. Þetta er sprenghlægileg klukkustundarlöng sýning sem er ætluð þeim sem vilja læra hvað það er að vera Íslendingur.


**Tónleikarnir Perlur íslenskra sönglaga verða í Hörpu í dag kl 17.00.** MYND/VILHELM


25% AFSLÁTTUR AF JEVA OG EXPLORE SKÓLATÖSKUM
FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM*
TIL 30. JÚLÍ

14.624 kr.
Verð áður: 19.499 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


11.249 kr.
Verð áður: 14.999 kr.


14.624 kr.
Verð áður: 19.499 kr.


ÁRNASYNIR

*Þú skráir þig í A4 klúbbinn á a4.is eða í næstu A4 verslun. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Allt vöruframboð má finna á a4.is.
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook Pinterest.com/A4fondur og instagram.com/a4verslanir

A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mindy Project**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Logi**
**11.10 Anger Management**
**11.30 Schitt's Creek**
**11.55 Dallas**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Matargleði Evu**
**13.25 Hart of Dixie**
**14.10 Mayday: Disasters**
**15.00 Hollywood Hillbillies**
**15.25 Baby Daddy**
**15.50 Ground Floor**
**16.20 Two and a Half Men**
**16.50 Teen Titans Go**
**17.15 Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og fjórða syrpan af þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátektasamari.
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar**
**18.50 Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.**
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 Friends**
**19.45 Mom**
**20.10 Besti vinur mannsins**
**20.35 Bones**
**21.20 Orange Is the New Black**
**22.20 Real Time with Bill Maher**
**23.20 Person of Interest** Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-ríki.
**00.05 Tyrant**
**00.50 Containment** Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast í herkví en þá kemur hið sanna innræti fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**01.30 Lucifer**
**02.15 Joe** Nicolas Cage leikur Joe Ransom sem á vafasama fortíð að baki. Þegar Joe vingast við hinn 15 ára Gary sem býr við ömurlegar heimilisaðstæður ákveður hann að ganga í málið og vernda drenginn. Þrátt fyrir viðvaranir frá vinum ákveður hann að hjálpa Gary þó það eigi eftir að kosta hann sjálfan frelsið.
**04.05 Rita**
**04.50 The Middle**

## SPORT

**08.25 Víkingur R. - KR**
**10.10 ÍA - ÍBV**
**11.50 Fylkir - Stjarnan**
**13.45 Pepsímörkin 2016**
**15.30 Fram - KA**
**17.20 KR - Breiðablik**
**19.00 Selfoss - Valur Bein útsending**
**21.05 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**21.50 Juventus - Tottenham**
**23.30 Real Madrid - PSG Bein útsending**
**01.30 Bayern Munchen - AC Milan Bein útsending**
**03.30 Liverpool - Chelsea Bein útsending**

## STÖÐ 3

**17.40 Raising Hope**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Næturvaktin**
**20.40 Neyðarlínan** Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum. Símtalið til Neyðarlínunnar er spilað og talað við sjúkraflutningamenn og lækna sem aðstoðuðu sjúklingana á sínum tíma.
**21.15 Legends of Tomorrow** Frábærir nýir þættir frá Warner úr smiðju DC Comics um tímaflakkarann Rip Hunter sem er beðinn um að safna saman ólíkum hópi ofurhuga og skúrka sem í sameiningu og með ólíkum kröftum og hæfileikum á að reyna koma í veg fyrir endalok heimsins eins og við þekkjum hann.
**22.00 Salem**
**22.45 The Vampire Diaries**
**23.30 Burn Notice**
**00.15 Legit**
**00.40 Fóstbræður**
**01.10 Entourage**
**01.35 Næturvaktin**
**02.25 Neyðarlínan**
**03.00 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Skógargdýrið Húgó**
**08.25 Lína langsokkur**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Ofurhundurinn Krypto**
**09.25 Strumparnir**
**09.47 Stóri og litli**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Ævintýraferðin**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Skógardýrið Húgó**
**12.25 Lína langsokkur**
**12.48 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Ofurhundurinn Krypto**
**13.25 Strumparnir**
**13.47 Stóri og litli**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Ævintýraferðin**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Skógardýrið Húgó**
**16.25 Lína langsokkur**
**16.48 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Ofurhundurinn Krypto**
**17.25 Strumparnir**
**17.47 Stóri og litli**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Ævintýraferðin**
**19.00 Skoppa og Skrítla í bíó**



Rasmus Klumpur og félagar 15.55

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 Golfing World 2016**
**09.05 RBC Canadian Open**
**14.00 Golfing World 2016**
**14.50 RBC Canadian Open**
**19.50 Golfing World 2016**
**20.40 US Open 2016**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10 So Undercover**
**12.45 Seven Years in Tibet**
**15.00 Dodgeball: A True Underdog Story**
**16.35 So Undercover**
**18.10 Seven Years in Tibet**
**20.25 Dodgeball: A True Underdog Story** Óborganleg gamanmynd með Ben Stiller og Vince Vaughn. Hér er gert stólpagrín að íþróttamyndum þar sem nýja æðið er skotbolti – íþrótt fyrir þá sem ekkert kunna í íþróttum.
**22.00 Hours**
**23.40 The Kids Are Alright** Dramatísk gamanmynd frá 2010 sem segir frá systkinum á unglingsaldri sem hafa áhuga á að finna líffræðilegan föður sinn. Þau voru bæði getin með gjafasæði og búa hjá lesbískum mæðrum sínum en langar að finna uppruna sinn og hefja því leitina. Þau finna sæðisgjafann og bjóða hann velkominn inn á heimili sitt og það veldur töluverðu róti hjá mæðrunum. Með aðalhlutverk fara Annette Bening, Julianne Moore og Mark Ruffalo.
**01.25 What Lies Beneath**
**03.35 Hours**

## RÚV

**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Finni kostur**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Íslendingar**
**20.30 Veröld Ginu**
**21.00 Lukka**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Popp- og rokksaga Íslands**
**23.20 Doll og Em**
**23.40 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Kitchen Nightmares**
**09.50 Got to Dance**
**10.40 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 The Odd Couple**
**13.55 Crazy Ex-Girlfriend**
**14.40 90210**
**15.25 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**15.50 BrainDead**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Telenovela**
**20.15 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.45 Satisfaction**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Blood & Oil**
**00.35 The Catch**
**01.20 Zoo**
**02.05 Chicago Med**
**02.50 Satisfaction**
**03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15 The Late Late Show with James Corden**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




2

**BESTI VINUR MANNSINS**
Stórskemmtilegir þættir þar sem við fáum að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til. **Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.**

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**

2
**BONES**
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



2
**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Fjórða serían um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunaþættir.



2
**REAL TIME WITH BILL MAHER**
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



**HOURS**
Í þessari dramatísku spennumynd leikur Paul Walker nýbakaðan föður og syrgjandi eiginmann sem missir konuna sína eftir að hún fæðir stúlkubarn.



3
**LEGENDS OF TOMORROW**
Frábærir þættir um tímaflakkara sem safnar saman liði skúrka og ofurhuga til að koma í veg fyrir endalok heimsins.



Krakka Stöðin
**SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ**
Skemmtileg bíómynd þar sem vinkonurnar fjörugu fara í heimsókn til Lúsíar sem er engin venjuleg vinkona og lumar á ýmsu óvenjulegu dóti.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**

THULE SWEDEN

# Ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hvað skal hafa í huga fyrir verslunarmannahelgina?

Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is



Nú þegar verslunarmannahelgin er rétt handan við hornið er um að gera að huga að því hvernig sé best að búa sig undir stærstu ferðahelgi ársins. Að mörgu er að huga og Fréttablaðið hefur tekið saman lista fyrir lesendur yfir það allra mikilvægasta sem þarf að muna fyrir helgina.

## Ríkið á fimmtudaginn



Ekki falla í þá gryfju að hendast í ÁTVR á föstudeginum þegar bókstaflega allir aðrir eru að fara í Ríkið. Það geta allir verið sammála um að það er fátt sem jafnast á við að taka því rólega í vínbúð. Að kaupa sér guðdómlegan bjór og ýmsar aðrar ódáinsveigar með er það sem gerir verslunarmannahelgina að því sem hún er.



## Tjaldstóllinn fram yfir tjaldið

Það gefur augaleið að tjaldstóllinn skiptir mun meira máli í útilegunni en tjaldið. Þú eyðir langmestum tíma í tjaldstólnum á meðan tjaldið er kannski notað í 4 tíma á sólarhring. Það væri þess vegna hægt að sleppa tjaldinu, kaupa sér almennilegan tjaldstól og gista bókstaflega einhvers staðar á nóttunni, enda skiptir það í raun engu máli hvar maður sefur.

## Hagnýt matarinnkaup

Hugsaðu þig vel um áður en þú ferð í matvöruverslunina. Hvað muntu í raun og veru borða um helgina? Hafðu þetta einfalt og ódýrt. Nýttu það sem er til í ísskápnum heima, eins og til dæmis jógúrt, tómatsósu á pulsuna og fleira. Annars er alltaf klassískt að kaupa nóg af brauði eða flatkökum með túnfisk- eða rækjusalati. Venjulegur Íslendingur þarf í raun ekkert meira í útilegunni.



## Heimabakað hnossgæti í nesti

Ef að þú ætlar að reyna spara enn meiri pening og kannski borða góðan mat þá er upplagt að henda í nokkrar uppskriftir. Skinkuhorn er vinsælt nesti í útilegurnar og einstaklega bragðgott. Múffur geta einnig verið sniðugar til þess að hafa með í eftirrétt.

## Dósapokinn hjálpar í þynnkunni



Áður en fyrsti bjórinn er opnaður á tjaldstæðinu eða í bústaðnum getur verið sniðugt að koma nokkrum dósapokum fyrir á svæðinu. Þá gæti fólk, í stað þess að henda dósum og flöskum á jörðina, hent þeim beint í pokana og það sparar tiltektina í þynnkunni.



## Rétt kjöt á einnota grillið

Ekki ofmeta styrk einnota grillsins. Þú ert ekki að fara að grilla 200 gramma nautalund á slíku grilli. Það ræður ekki við mikið meira en nokkrar pulsur eða 90–120 gramma hamborgara. Eitt gott ráð er að kaupa nokkur einnota grill þar sem sum grillin virka einfaldlega ekki.



## Úthugsað áfengisbland

Ef haldið er í þriggja nátta ferðalag yfir helgina þá er sniðugt að vera með nóg úrval af áfengisblandi. Það er auðvelt að fá leið á því að drekka Fanta Exotic í svo marga daga í röð. Hafðu úrvalið létt og skemmtilegt með því að velja sæta gosdrykki í bland við ávaxtasafa og jafnvel sódavatn.


ÆTLAR ÞÚ ÚT UM HELGINA?
ÚTIVISTARDAGAR
20-50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTIVISTARVÖRUM*
TJÖLD 30-50%
NORTH FACE ÚTIVISTARFATNAÐUR 20-50%
GÖNGUSKÓR 20%
BAKPOKAR 20%
SVEFNPOKAR 20-50%
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is




# Stjörnupör sem hættu saman á árinu







Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is

Það getur verið erfitt að fylgjast með hverjir eru saman og hverjir ekki í Hollywood. Einstaklega mörg pör hafa lagt upp laupana á þessu ári og það sorglega er að meirihlutinn hafði verið saman í fjölda ára. Því hefur þetta verið afar erfitt ár fyrir þá sem halda mikið upp á ástina.

1 **Diane Kruger og Joshua Jackson** slitu samvistum í síðustu viku eftir yfir 10 ár saman. Þau voru eitt ástsælasta og best klædda par rauða dregilsins. Sambandsslitin komu eins og þruma úr heiðskíru lofti en Diane var nýflutt til New York til þess að geta verið nær kærastanum.

2 **Lady Gaga og Taylor Kinney** höfðu verið saman í fimm ár þegar þau tilkynntu um sambandsslitin í seinustu viku. Það átti enginn von á því þar sem þau voru að skipuleggja brúðkaup. Þau höfðu verið trúlofuð í rúmlega ár.

3 Það kom vissulega engum á óvart þegar **Iggy Azalea og Nick Young** hættu saman í byrjun sumars. Það vissu allir að Nick hafði oft haldið fram hjá henni. Eftir að þau hættu saman kom í ljós að Nick hafði gert fyrrverandi kærustu sína ólétta. Það er því ljóst að hann fór ansi illa með Iggy.

4 Skilnaður **Amber Heard og Johnny Depp** kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Stuttu eftir að Amber lagði fram skilnaðarpappírana óskaði hún eftir nálgunarbanni gegn Johnny en hún sakaði hann um að hafa ráðist á sig og barið við nokkur tilefni. Amber var með áverka og átti myndir til að sanna mál sitt.

5 **Demi Lovato og Wilmer Valderrama** tilkynntu í byrjun júní að þau væru hætt saman eftir sex ára samband. Sambandsslitin eru mikill missir í paraflórunni í Hollywood enda voru þau afar krúttleg saman.

6 Eftir 33 ár saman tilkynntu **Ozzy og Sharon Osbourne** að þau hefðu sótt um skilnað. Fréttirnar komu öllum á óvart en þau eiga þrjú börn saman. Þau eru þó nýlega farin að vinna aftur í sambandi sínu og mun það vonandi ganga upp og aldrei að vita nema þau verði byrjuð saman aftur áður en við vitum af.

7 Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum þegar **Taylor Swift og Calvin Harris** hættu saman í byrjun sumars. Fyrstu vikurnar eftir sambandsslitin var andrúmsloftið gott á milli þeirra en Taylor fór stuttu seinna að hitta leikarann Tom Hiddleston og þá fór allt í háaloft.









BANKASTRÆTI | AÐALSTRÆTI | AUSTURHRAUN | SMÁRALIND | KRINGLAN
SPORTVER - AKUREYRI | AXEL Ó - VESTMANNAEYJUM | CINTAMANI.IS

Sumar-útsalan
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
nú á fjórum stöðum
Holtagörðum | Smáratorgi | Akureyri | Ísafirði



30% AFSLÁTTUR
RIO
hægindastóll
Stílhreinn og fallegur hægindastóll. Ljós- og dökkdrátt slitsterkt áklæði.
Fullt verð: 34.900 kr.
Aðeins 24.430 kr.

SILKEBORG
hægindastóll
Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Einnig fáanlegur í leðri
Fullt verð: 69.900 kr.
30% AFSLÁTTUR



Aðeins 48.930 kr.



INFINITY
náttborð
Hvítt – Fullt verð: 13.900
9.900 kr.

HOMELINE
náttborð
Eik/hvítt – Fullt verð: 15.900
12.720 kr.

SUPERNOVA
náttborð
Hvítt – Fullt verð: 29.900
17.940 kr.

Holtagörðum, 512 6800
Smáratorgi, 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður
Afgreiðslutími sjá www.dorma.is
DORMA
Láttu drauminn rætast

ALLTAF VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store · Google Play · Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft



Steinunni þykir gaman að ferðast og vonast til að nokkur lög á ensku eigi eftir að verða til þess að hún fái fleiri tækifæri til að fara til útlanda að spila. MYND/CHAD KAMENSHINE

# Syngur á ensku um leyndardóma fortíðar

**Steinunn Harðardóttir, eða dj flugvél og geimskip, var að senda frá sér nýtt lag þar sem hún syngur á ensku um leyndardóma svingsins. Hún stefnir á að gefa út myndband við lagið í næstu viku og er líka að vinna að plötu sem fjallar um dularfullu borgina Atlantis.**

*Af hverju er lagið á ensku?* „Það er á ensku út af því að í fyrra þá fór ég að spila í útlöndum rosa mikið og mig langaði til að fólkið gæti skilið hvað ég væri að syngja um – mér fannst geðveikt gaman að ferðast í útlöndum og ég hugsaði að ég myndi fá að spila meira í útlöndum ef ég syngi á ensku líka. Ég vil líka gefa út næstu plötu út um allt – í alls konar útlöndum og þá langar mig til að fólk alls staðar geti skilið hana. Svo er annar kostur við að hafa lagið á ensku, þá tengir fólk ekki strax við að lagið sé frá Íslandi og þá er lagið hlutlausara. Svo er stór hluti tónlistarinnar minnar sögur og ég vil að fólk geti skilið textann og hann setji mann á ákveðinn stað strax.“

*Um hvað er lagið?* „Það er um svingsinn í Egyptalandi.“

*Af hverju svingsinn?* „Ég geri alltaf lög um það sem mér finnst skemmtilegt hverju sinni og hvað ég er að pæla. Ég er búin að gera einn disk um geiminn og einn disk um hafsbotninn og nú er ég að gera nýjan disk og þetta er fyrsta lagið á þeim disk og hann á að vera um Atlantis – sem blandar eiginlega saman hafsbotninum og geimnum.

Samkvæmt goðsögum var Atlantis rosalega þróuð og hátæknileg borg sem var með „portöl“ út í geiminn út um allt og síðan sökk hún niður á hafsbotninn. Það er verið að tala um að svingsinn sem er í Egyptalandi hafi að geyma alls konar leyndardóma undir loppunum á sér, þar séu leyniherbergi sem geymi upplýsingar um Atlantis og að svingsinn sé jafn gamall og Atlantis sem var til fyrir tugum þúsunda ára og að fólkið í Atlantis hafi byggt svingsinn eða þá að svingsinn hafi verið lifandi og síðan orðið að steini. Þannig að hann sé í rauninni okkar hlekkur til Atlantis – okkar hlekkur til glæstrar fortíðar og kannski einhverrar tæknialdar sem var – það eru kenningar sem segja að svingsinn sé miklu eldri en pýramídarnir því að það sé búið að rigna fullt á hann og það hefur ekki rignt í Sahara síðan fyrir ísöld. Þannig að það eru miklar vísbendingar um að hann sé ævaforn.“




Kápan utan um nýjasta smell dj flugvélar og geimskips.

**ÉG ER BÚIN AÐ GERA EINN DISK UM GEIMINN OG EINN DISK UM HAFSBOTNINN OG NÚ ER ÉG AÐ GERA NÝJAN DISK OG ÞETTA ER FYRSTA LAGIÐ Á ÞEIM DISK OG HANN Á AÐ VERA UM ATLANTIS – SEM BLANDAR EIGINLEGA SAMAN HAFSBOTNINUM OG GEIMNUM.**

*Hvernig gengur nýja platan?* „Ég er komin vel á veg – en ég er ekki búin með öll lögin. Ég ætla sko að hafa tólf lög. Það er góð tala. Ég er að vona að ég nái að klára þetta fyrir október.“

*Af hverju október?* „Ég er alltaf að reikna út númerólógíu-dót. En það er líka gott að setja sér tímasetningu til að klára hlutina. Það er tíundi mánuðurinn – tíu er góð tala, tala til að klára hlutina. Hún þýðir „ókei, þetta er tilbúið“. Síðan er gott að gefa út á veturna, þá getur platan fylgt manni inn í vetrarþunglyndið.“

Steinunn stefnir á að gefa út myndband við lagið í næstu viku og ætlar að spila á Norðanpaunkhátíðinni um helgina.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**NÝTTU ÞÉR GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ PEUGEOT**
Nýr sýningarsalur Peugeot á Íslandi er að Bíldshöfða 8 í Reykjavík. Öll bílalína Peugeot er í boði hjá Brimborg með meiri búnaði en áður og á einstaklega hagstæðu verði. Peugeot bílar eru einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.
> Komdu í dag og nýttu þér glæsileg opnunartilboð.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Brimborg hefur þegar hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og hefur náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Verkstæðisþjónusta og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum, er einnig í boði hjá Brimborg.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Einstakir gestgjafar

Ég er á akstri nálægt hafnarsvæðinu í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgi. Fyrir framan mig á götunni er glæsilegur Pajero jeppi sem skyndilega hemlar. Út kemur Guðni Ólafsson skipstjóri og gengur rakleitt að ungum manni sem liggur sofandi upp við húsvegg búinn að fá sér einum of mikið. Ég sé höfðingjann strjúka vanga piltsins og tala til hans áður en hann reisir hann upp og hjálpar honum upp í bílinn. Síðar um daginn hitti ég Guðna inni í Herjólfsdal, segi honum að ég hafi séð til hans og spyr hvort þarna hafi verið einhver honum tengdur. Nei, Jóna mín, ég veit nú raunar ekki hvað pilturinn heitir, en hann var illa staddur og ég fór með hann heim á Brimhólabraut. Gerða mín skellti í hann kjötsúpu og svo lagði hann sig örlitla stund áður en ég keyrði hann aftur inn í Dal. Þá var hann aftur orðinn býsna glaður blessaður. Þetta gerðist fyrir 21 ári. Þá var ég prestur í Eyjum og tók m.a. þátt í neyðarvakt gagnvart ofbeldi á þjóðhátíð hverja verslunarmannahelgi. Á svona hátíð birtist allt litróf mannlífsins í sinni sterkustu mynd. Fjölskyldur sameinast, ástin blómstrar, vináttubönd styrkjast. En svo eru líka hinar dökku hliðar stjórnleysis.

Í Eyjum hafa menn alla tíð lagt sig fram í öryggismálum þjóðhátíðargesta. Ég er afar stolt af forvarnaverkefninu Bleika fílnum þar sem allir geta verið aðilar að þeim skilaboðum að við líðum ekki kynferðisofbeldi í íslensku samfélagi. En besta gæsluliðið í Dalnum eru síðan Eyjamenn sjálfir í hvítu tjöldunum með sinni einstöku gestrisni og ástúð. Þeim fylgir gleði, skemmtilegar hefðir og vökul augu, eins og augun hans Guðna Ólafssonar. Guð blessi minningu hans. Gleðilega Þjóðhátíð.







